




Þú getur meira um páskana með Símanum


Kling Kling með Herra Hnetusmjöri fer í loftið í apríl. Njóttu þess að horfa á þessa glænýju þætti og heilan helling af öðru gæðaeefni í **Sjónvarpi Símans Premium**.





Þú finnur ekki betri skemmtun um páskana

Kynntu þér framboðið af sjónvarpsefni sem er fram undan í **Sjónvarpi Símans Premium**.



Nýtt íslenskt efni




FÓTBOLTASTELPUR

Hugrún Halldórs og Þorsteinn J. fara á Síamamótið og rekja sögu kvennaknattspyrnunnar.



MEÐ LOGA

Logi dregur vikulega fram áhugaverðar hliðar á þjóðþekktu fólki í skemmtilegum spjallþætti.




MATTHILDUR VERÐUR TIL

Leikhústöfrar í nærmynd. Við skyggnumst á bak við tjöldin og sjáum leikritið Matthildi verða til á fjöllum Borgarleikhússins.



KOKKAFLAKK

Ólafur Örn snýr aftur í nýrri þáttaröð og heimsækir Íslendinga úti um allan heim sem brenna fyrir góðum mat.



KLING KLING

Rapparinn Herra Hnetusmjör fer á stúfana ásamt fríðu föruneyti og reynir að finna út hvar maður fær sem mest fyrir peninginn hérlendis.

Þú færð nánari upplýsingar um **Sjónvarp Símans Premium** í síma **800 7000** og á **siminn.is**






Kallar æxlið boðflennu

Þórunn Egilsdóttir, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, greindist nýverið með brjóstakrabbamein og tekst á við veikindin með jákvæðu hugarfari. ➔ 24

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Baráttan við eyðni

Lækning enn fjarlægur draumur.

➔ 32



Úttekt

Fóru í þrot en lána frá Danmörku

Smálánafyrirtækin Kredia, Hraðpeningar, 1909 og fleiri lána Íslendingum frá Danmörku. ➔ 12



Tískan er að drepa okkur

Leiðtogar eru ómurlegir, við þurfum þá ekki, segir tiskugoðsögnin Katharine Hamnett. ➔ 30

nettó Helgarmáltíðin fæst í Nettó!

Grisabógur
Stjörnugris
499 KR/KG
ÁÐUR: 998 KR/KG

-50%

Lamba prime
Norðlenska
2.547 KR/KG
ÁÐUR: 3.919 KR/KG

-35%

Grisalund
Norðlenska
1.379 KR/KG
ÁÐUR: 2.298 KR/KG

-40%

Lægra verð - léttari innkaup

Tilboðin gilda 30. - 31. mars


Fermingartilboð

Lin
DESIGN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRATORGI | LINDESIGN.IS

ÍSLENSK HÖNNUN

Veður



Sunnan 8-13 og stöku el S- og V-lands seinni partinn, en rigning eða slydda þar seint um kvöldið og hlýnar. **SJÁ SIÐU 48**

Fjöldauppsagnir vegna gjaldþrots

ATVINNUMÁL Airport Associates á Keflavíkurflugvelli hefur sagt upp alls 315 starfsmönnum úr öllum deildum í kjölfar gjaldþrots WOW air. Um fjögur hundruð starfa hjá fyrirtækinu.

„Við erum að reyna að milda áhrifin með því að bjóða fleirum störf í minna starfshlutfalli,“ segir Sigþór Kristinn Skúlason forstjóri. „Fólk sýnir þessu skilning, það er ekkert annað í stöðunni, annars lifum við þetta ekkert af.“

Störf fyrir WOW air voru um helmingur verkefna Airport Associates. Í nóvember hafði 237 verið sagt upp hjá fyrirtækinu vegna stöðu WOW. Í janúar afturkallaði fyrirtækið þó uppsagnir 156 starfsmanna. – bsp

Munu birta skýrslu Muellers

BANDARÍKIN Skýrsla Roberts Mueller, sérstaks saksóknara, um rannsókn hans á meintum afskiptum Rússa af bandarísku forsetakosningunum, meintu samráði framboðs Donalds Trump forseta við Rússa og öðrum meintum glæpum sem uppgötvuðust við rannsóknina verður birt í apríl. Þetta kom fram í bréfi sem William Barr dómsmálaráðherra sendi þingmönnum í gær.

Barr birti fjögurra blaðsíðna samantekt um hina 400 blaðsíðna skýrslu í síðustu viku. Þar greindi Barr frá því að gögnin sem liggja fyrir í skýrslunni séu ekki nægileg til þess að ákæra forsetann fyrir að hafa hindrað framgang réttvísinnar. Þá hafi hann ekki heldur átt í samráði við Rússa.

„Senn munuð þið öll geta lesið skýrsluna sjálf,“ skrifaði Barr í bréfi sínu. Fjöldi þingmanna hafði krafist þess að skýrslan yrði gerð opinber. – þea

Dansað fyrir fólk á flóttu



Plötusnúðar þeyttu skífum og listamarkaður var settur upp á dansleik fyrir flóttafólk og hælisleitendur á Austurvelli í miðborginni í gærkvöldi. Þar var því fólk sem hefur mótmælt á Austurvelli að undanförunu sýnd samstaða og þess meðal annars krafist að brottvísunum yrði hætt, umsóknir allra um hæli fengju efnislega meðferð og að fólk fengi rétt til að vinna á meðan umsókn er tekin fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sýknað af broti á lögum um vínauglýsingar

DÓMSMÁL Einkahlutafélag var í Landsrétti í gær sýknað af ákæru um brot gegn áfengisauglýsingum. Félagið hafði í tvígang árið 2015 keypt auglýsingu í vikublaði þar sem áfengi var auglýst til sölu.

Í héraði var stjórnarformaður einkahlutafélagsins, sem rekur skemmtistað, auk félagsins sjálfs ákærður fyrir brotið. Stjórnarformaðurinn var sýknaður af ákærunni þar sem það hefði verið faðir hans, sem jafnframt var framkvæmdastjóri félagsins, sem keypti umræddar auglýsingar. Félagið var hins vegar sakfelld fyrir brotið og dæmt til greiðslu 150 þúsund króna sektar.

Í Landsrétti var félagið hins vegar sýknað þar sem áfengislögin heimila ekki að refsá félögum fyrir brot gegn lögnum. – jóe

Kór Ingu Sæland til að létta andann á Alþingi

Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, segir mikilvægt að þingmenn og starfsmenn Alþingis brosi saman og geri eitthvað skemmtilegt og er því að stofna þingkór. Undirtektirnar gríðarlega góðar. Lagleysi er engin fyrirstaða.

ALÞINGI „Það er bara mikill áhugi fyrir þessu enda hafa núna rétt tæplega þrjátíu manns skráð sig í kórinn. Því er alveg ljóst að við munum hefja störf fljótlega. Ég byrjaði í fyrrakvöld að óska eftir skráningum og því fer þetta bara frábærlega af stað,“ segir Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, en hún hefur ákveðið að setja á laggirnar þingkór skipaðan þingmönnum og starfsmönnum þingsins.

Inga er alvön söng. Hún tók þátt í X-Factor hér á landi og var fyrsti Íslandsmeistarinn í karókísöng en þann titil vann hún árið 1991. Nú hefur hún hins vegar ákveðið að stofna kór utan um þingstörf til að létta lundina meðal starfsmanna þingsins og þingmanna.

„Fyrir mér eru allir jafnir á þinginu og ég kem eins fram við alla, hvort sem þeir eru þingmenn, ráðherrar eða almennir starfsmenn þingsins. Því er öllum velkomid að taka þátt í þingkórnum og munum við syngja saman til að fá meiri gleði í lífið,“ segir Inga. „Ég hugsa þetta aðallega þannig að við hittumst og brosum saman, því eins og þú veist getur brosur dimmu í dagsljós breytt.“

Margrét Pálmaðóttir verður kórstjóri þingkórsins að sögn Ingu og að hennar mati gæti kórinn sungið á hátiðarsamkomum, eins og á 17. júní eða eitthvað slíkt.

„Ég held líka að þetta geti búið til jákvæðan anda í þinginu. Einnig held ég alveg örugglega að þetta yrði þá fyrsti svona þingkórinn í heiminum,“ segir Inga. Bæði kyn hafa sóst eftir því að komast í þingkórinn. Sumir þingmenn hafi



„Ef þú vilt vera liðsmaður þá getur þú líka bara hreyft varirnar með,“ segir Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, um þingkórinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Margrét Pálmaðóttir kórstjóri.

þó sagt að þeir væru laglausir. Inga telur það ekki vera aðalatriðið þegar kemur að þingkórnum.

„Það skiptir mestu máli að vera með og ef þú vilt vera liðsmaður þá getur þú líka bara hreyft varirnar með. Fyrir mér er mikilvægast bara að hittast og hafa gaman saman.“ sveinn@frettabladid.is

Mjólk er góð



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

HELGAR SPRENGIA

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



20% afsláttur
af allri málningu



Allir fá ís

á laugardag
í Skútuvogi
kl. 12-16.



OUTBACK

Gasgrill
Sunset Solo 3, 3ja brennara.
Grillflötur: 62,8x40,6 cm.
3000393

29.990 kr

~~39.990 kr~~



Túlípanar
10 stk.

999 kr

**TÚLÍ-
PANAR**
10 STK.

-40%



Vorerika
10327408

399 kr

~~599 kr~~

**VOR-
ERIKA**
TILBOÐ

-30%



Ástareldur

899 kr

~~1.199 kr~~

**ÁSTAR-
ELDUR**
TILBOÐ

-25%



**POTTA-
PLÖNTUR**
TILBOÐ

-25%

Allar pottaplöntur
25% afsláttur



OUTBACK

18.990 kr

~~23.990 kr~~

Gasgrill
2ja brennara með hliðaborði.
Grillflötur: 50x36 cm.
3000225



Electrolux

63.990 kr

~~79.990 kr~~

Pvottavél 1400 sn. EW6F5247G1
7 kg og með A+++ orkunýtingu, barnalæsing,
hljóðstyrkur 58 dB en 78 dB, við þeytingu,
með SensiCare kerfi.
1805695

**20%
afsláttur**

NÝ og glæsileg búsaðhaldadeild
í Skútuvogi

25%

afsláttur

af öllum búsaðhöldum



Byggjum á betra verði

husa.is

TÖLUR VIKUNNAR 24.03.2019 TIL 30.03.2019

1.100

starfsmenn
WOW air
misstu
vinnuna
vegna
gjaldþrots
félagsins.



16

umsækjendur
eru um starf
seðlabanka-
stjóra en skip-
unartími Más
Guðmunds-
sonar rennur út
20. ágúst. Aðeins tvær konur
eru meðal umsækjenda.



36

embættismenn
og æðstu stjórn-
endur sem áður
heyrðu undir
kjararáð hafa
lækkað í launum
eftir að ráðið var
lagt niður.


124

milljörðum verður
varið til sam-
göngumála
samkvæmt
ríkisfjármála-
áætlun 2020-
2024.



1,2

milljarðar króna er
fjárhæð viðbótarkröfu
pólsku skipasmíðstöðv-
arinnar Crist S.A. vegna
smíði á nýjum Herjólfli.



Þrjú í fréttum Ófyrirgefanlegt, orðahnippingar og niðurfelling

Skúli Mogensen

fyrirverandi forstjóri WOW air

sagðist hafa reynt
sitt besta fram á
síðustu stundu
til að bjarga
WOW frá gjald-
þroti. Í tölvu-
pósti til starfs-
manna sagðist hann
aldrei geta fyrirgefið sér að hafa
ekki brugðist fyrir við stöðunni.



Baldvin Þorsteinsson

stjórnarformaður Eimskips

sagði Má Guðmundssyni seðla-
bankastjóra „að
drulla sér í burtu“
þegar Már reyndi
að heilsa Þor-
steini Má Bald-
vinssyni, for-
stjóra Samherja
og föður Baldvins,
eftir fund í stjórnskipunar- og
eftirlitsnefnd Alþingis.



Lilja Alfreðsdóttir

mennta- og menningarmála-
ráðherra

kynnti hugmyndir
að nýju stuð-
ningskerfi fyrir
námsmenn. Þar
er meðal annars
gert ráð fyrir
að þeir sem ljúka
námi á tilsettum tíma
fái 30 prósent af höfuðstól náms-
lána felld niður.



FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur
að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti
kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Telur það skýrast um helgina hvort aðilar séu að ná saman

Formaður VR segir að það þurfi ekki lengri tíma en helgina til að komast að niðurstöðu um hvort aðilar séu að landa kjarasamningi eða ekki. Mál gætu jafnvel farið að skýrast í dag en að óbreyttu hefjast næstu verkföll á þriðjudag. Fundur Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambandsins í gær var tíðindalaus.

KJARAMÁL „Við erum bara að vinna í þessu en það er svo sem ekkert hægt að segja til um hvernig það endar eða hvernig það gengur. Þetta er mál í vinnslu en við gerum okkar allra besta til að reyna að landa þessu,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, um stöðu kjaraviðræðna.

Samtök atvinnulífsins (SA) og stéttarfélagin sex sem eru í samfloti hittust hjá ríkissáttasemjara í gær. Áfram ríkir trúnaður um innihald viðræðnanna en aðilar munu hittast aftur í dag og einnig er fyrirhugaður fundur á morgun.

Þriggja sólarhringa verkfall félagsmanna VR og Eflingar á hótélum og hjá rútufyrirtækjum hefst að óbreyttu á þriðjudag. Það er því ljóst að mikið er undir um helgina.

„Þetta tekur ekkert lengri tíma að komast að niðurstöðu um hvort við séum að landa þessu eða ekki. Við þurfum ekkert lengri tíma en helgina í það,“ segir Ragnar Þór.

Hann segist jafnvel geta trúað því að mál fari að skýrast eitthvað í dag en upp á sunnudaginn sé að hlaupa.

Fulltrúar Starfsgreinasambandsins (SGS) funduðu einnig með SA í gær. Fundurinn sem var boðaður af ríkissáttasemjara stóð í tæpa klukkustund.

„Það kom ekkert nýtt fram á þessum fundi,“ segir Flosi Eiríksson, framkvæmdastjóri SGS.

Hann segist hafa hitt ýmsa félaga sína í stéttarfélagunum sex við kaffivélina hjá ríkissáttasemjara. „Vonandi gengur þeim sem allra, allra best.“

Drög að aðgerðaáætlun SGS verða rædd í trúnaðarráðum aðildarfélaganna um helgina. Flosi segir að í framhaldinu verði tekin afstaða til næstu skrefa.



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, býst við því að framhaldið muni skýrast um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Næstkomaði mánudag rennur út gildistími fjölmargra kjarasamninga á opinberum vinnumarkaði.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, segir aðildarfélag sambandsins byrjuð að hitta viðsemjendur en viðræðurnar séu þó rétt að hefjast.

Aðspurð segir hún að niðurstöður samninga á almennum vinnu-
markaði muni hafa einhver áhrif á viðræður.

„Viðsemjendur okkar eru í það minnsta að biða eftir þeirri niðurstöðu en aðildarfélag BHM eru alveg tilbúin að hefja kjaraviðræður.“
sighvatur@frettabladid.is

VR kemur til móts við starfsmenn WOW

Stjórn VR ætlar lána þeim félagsmönnum sem störfuðu hjá WOW fjárhæð sambærilega þeirri sem þeir fengu úr Ábyrgðasjóði launa vegna marsmánaðar.

Ragnar Þór Ingólfsson segir að annars yrði þetta fólk launalaust nú um mánaðamótin. „Þetta er þröng staða sem fólk er sett í með mjög stuttum fyrirvara.“

VR fundaði í gær með þessu fólk og var þar farið yfir málin. Ragnar Þór hrósar starfsfólki VR

sérstaklega fyrir að hafa unnið hratt og vel að þessu.

„Ég held það fari nú margir aðeins léttari inn í helgina svona eins og hægt er miðað við aðstæður.“

Þá brýnir hann fyrir fjármála-
fyrirtækjum, leigusólum og inn-
heimtufyrirtækjum að taka tillit til aðstæðna. „Það er mikilvægt að þessir aðilar vinni nú með fólk sem lendir í þessari stöðu en ekki á móti því.“

RAM 3500 - HÖRKUTÓL SEM ENDIST

ramisland.is



35" - 37" BREYTTUR



40" - 42" BREYTTUR

EIGUM ÖRFÁA BÍLA TIL AFGREIÐSLU STRAX.
BJÓÐUM UPP Á 35" TIL 42" BREYTINGAPAKKA.

ÍSABAND
ISLENSK-BANDARISKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBOÐSADILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

RAM
UMBOÐSADILI RAM Á ÍSLANDI



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

NÝ COROLLA HÚN ER KOMIN AFTUR



Verð frá: 3.990.000 kr.

Mest seld í heimi

Nýjasta kynslóð Corollu er komin í þremur glæsilegum gerðum sem taka sig best út með þig undir stýri. Mátuðu þig við kraftmiklar Hybrid útfærslur hlaðbaksins, Corolla Hatchback; stallbaksins, Corolla Sedan eða langbaksins, Corolla Touring Sports. Hver er þín týpa?

2 ára þjónustupakki fylgir með nýrri Corollu, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14



Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Gleðilega páska



Nýju mini-eggín frá Góu eru fullkomið páskasmakk. Súkkulaðiegg og Hraunegg sem bráðna í munni. Verði þér að Góu!



Hundruð misstu vinnuna þegar WOW air flaug í þrot og munu leita í Ábyrgðasjóðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ábyrgðasjóður launa gæti orðið tómur fljótt

Eftir fordæmalausan atvinnumissi þúsund manns við gjaldþrot WOW air í vikunni gæti hinn annars vel stæði Ábyrgðasjóður launa tekið á sig nokkurt högg á næstunni. Símar Vinnuálastofnunar voru enn rauðglóandi í gær.

ATVINNUMÁL Staða Ábyrgðasjóðs launa er góð eftir góðæri síðustu ára að sögn forstjóra Vinnuálastofnunar en gjaldþrot WOW air gæti fljótt snúið þeirri góðu stöðu við.

Línur Vinnuálastofnunar voru enn rauðglóandi í gær eftir tíðindi fimmtudagsins af WOW air. Í gær var stofnunin einnig með opið hús fyrir þá sem misstu vinnuna í vikunni.

Líkt og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur aldrei í sögunni eins fjölmennur hópur orðið atvinnulaus á jafn skömmum tíma. Strax í gær tilkynntu þessu til viðbótar mörg fyrirtæki að þau hefðu þurft að grípa til hópuþsagna þar sem tugir einstaklinga hafa misst vinnuna til viðbótar.

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist hins vegar greiðslu vinnulauna-kröfu launþega og kröfu lífeyrissjóðs vegna lífeyrissjóðs á hendur vinnuveitanda við gjaldþrotaskipti. Árið 2016 námu heildarlaunagreiðslur úr sjóðnum 482 milljónum, 605 milljónum 2017 en tölur síðasta árs liggja ekki fyrir.

Unnur Sværisdóttir, forstjóri Vinnuálastofnunar sem fer með Ábyrgðasjóð launa, segir ákveðna útreikninga hafa verið gerð vegna stöðunnar sem upp kom á fimmtudaginn en þeir séu með öllum fyrirvörum, enda sé mjög erfitt að segja til um hversu mikið þurfi til að

Ábyrgðasjóður launa

Hámarksábyrgð vegna vangoldinna launa eða bóta vegna slita á ráðningarsamningi er 633.000 kr. á mánuði.

Ábyrgð sjóðsins er háð því skilyrði að kröfurnar hafi verið viðurkenndar sem forgangskröfur við gjaldþrotaskipti.

Hversu langan tíma tekur að fá greitt úr sjóðnum?

Fyrsta þarf að lýsa kröfum í þrotabúð og er kröfulýsingarfrestur að jafnaði tveir mánuðir. Að fresti loknum gerir skiptastjóri kröfuskrá þar sem hann lætur í ljós afstöðu sína til viðurkenningar eða höfnunar hvernar kröfu fyrir sig. Eftir að Ábyrgðasjóði launa berst um-sögn og kröfuskrá skiptastjóra tekur sjóðurinn að öllu jöfnu afstöðu til krafanna innan fjögurra vikna. Ætla má að það geti því tekið nokkra mánuði að fá greiðslu.

dekkja höggið nú. Ef í ljós kemur að bitinn reynist of stór þá verði leitað eftir viðbótarframlagi frá ríkissjóði.

„Stærsti óvissuþátturinn er lífeyrissjóðin því það er ekkert hámark á þeim og þau miðast við raunlaun einstaklinga. Það er mesti

Stærsti óvissuþátturinn er lífeyrissjóðin því það er ekkert hámark á þeim og þau miðast við raunlaun einstaklinga. Það er mesti óvissuþátturinn og stærsti útgjaldaliðurinn í þessum sjóði.

Unnur Sværisdóttir, forstjóri Vinnuálastofnunar

óvissuþátturinn og stærsti útgjaldaliðurinn í þessum sjóði.“

Unnur segir aðspurð að staða sjóðsins sé þó góð.

„Staðan á Ábyrgðasjóðnum er ljómandi góð því það hefur auðvitað verið góðæri og safnast í hann undanfarin ár. En það gæti verið fljótt að fara núna, ég ætla ekki að draga fjóður yfir það.“

Félagsmálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason, tilkynnti í gær að Vinnuálastofnun yrði veitt 80 milljóna viðbótarframlag til að mæta auknum verkefnum vegna falls WOW. Verja á 65 milljónum króna til að styrkja þjónustuver stofnunarinnar í Reykjavík og 15 milljónum til að styrkja þjónustuskrifstofuna í Reykjanesbæ. mikael@frettabladid.is

AÐAL FUNDUR

Félags iðn- og tæknigreina 2019

verður haldinn laugardaginn 6. apríl kl. 11 að Stórhöfða 31, 1. hæð.

Dagskrá:

1. Skýrsla félagsstjórnar um starf félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til umræðu og afgreiðslu.
3. Ákvarðanir teknar um ávöxtun sjóða félagsins.
4. Kjöri stjórnar lýst.
5. Kosning trúnaðarráðs, kjörstjórnar, skoðunarmanna reikninga, og uppstillinganefndar.
6. Kosning endurskoðenda.
7. Tillögur um fulltrúa á ársfundi lífeyrissjóða sem FIT er aðili að.
8. Önnur mál.

Hádegismatur í boði félagsins.

Stjórnin

Félagið veitir ferðastyrk til þeirra félagsmanna sem búa í meira en 40 km fjarlægð frá fundarstað.



LÓÐAHAFAR – HRAUN VESTUR

Kynningarfundur fyrir lóðahafa um rammaskipulag, reitaskiptingu og samningsmarkmið á svæðinu. Mánudagurinn 1. apríl frá kl. 15-16 í Hafnarborg, Strandgötu 34.

Nánar á hafnarfjordur.is

HAFNARFJARÐARBÆR
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6

ÞJÓNUSTUVER
Opíð frá kl. 8.00 – 16.00
Alla virka daga

585 5500
hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR

Meira djúsi

15%
afsláttur



Tilboð gilda út 31. mars

Smash Style hamborgarar

2 x 100 g

450 kr/pk
Verð áður 529

2 x 120 g

501 kr/pk
Verð áður 589

2 x 140 g

552 kr/pk
Verð áður 649

2 x 250 g

1.104 kr/pk
Verð áður 1.299



Hagkaups beikonsulta
á hamborgarann
eða pizzuna

649 kr/stk



Sósur sem gera góðan
borgara betri

349 kr/stk



Snowdonia cheddar
Margverðlaunaðir ostar
frá Wales

verð frá **699** kr/pk

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga



Styrkir úr Tónlistarsjóði

Umsóknarfrestur til 15. maí

Rannís auglýsir eftir styrkumsóknum úr Tónlistarsjóði til verkefna sem efnt verður til á tímabilinu: 1. júlí til 31. desember 2019.

Hlutverk Tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild.

Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á www.rannis.is. Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu forni.

Umsóknarfrestur rennur út 15. maí 2019 kl. 16.00. Ekki er hægt að senda inn umsóknir eftir þann tíma.

Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári, í maí og nóvember.

Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Sími: 515 5800, tonlistarsjodur@rannis.is



Þurfa fleiri ferðamenn og færri skiptifarþega

Framkvæmdastjóri viðskiptasviðs Keflavíkurflugvallar segir fyrst og fremst litið til Ícelandair varðandi það að fylla skarðið sem WOW air skilur eftir sig í sumar. Önnur flugfélög hafi líka haft samband í kjölfar gjaldþrots WOW air.

FLUGMÁL „Þetta snýst fyrst og fremst um að skoða það með þeim flugfélögum sem eru til staðar og þar er Ícelandair náttúrulega langstærst,“ segir Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri viðskiptasviðs Keflavíkurflugvallar, um það hvernig megi fá farþega til landsins í sumar í stað þeirra sem detta út með gjaldþroti WOW air.

„Óháð því hvort WOW hefur dottið út eru næg laus slott á Keflavíkurflugvelli,“ segir Hlynur. Þau slott sem WOW air átti rétt á og hafði á Keflavíkurflugvelli fari einfaldlega til endurúthlutunar samkvæmt regluverki sem um það gildir í Evrópu.

„Þetta snýst um að skoða þá áfangastaði sem WOW er að fara út af; hvort það sé markaður til að auka við tíðni til borga sem þegar eru fyrir,“ segir Hlynur. Ícelandair fari þar fremst í flokki. „En svo eru önnur flugfélög sem hafa verið að fylgjast með og við höfum fengið fyrirspurnir. Um leið og þetta gerist þá hafa flugfélög haft samband og eru að skoða þetta.“

Hlynur segir það hins vegar setja stórt strík í reikninginn hversu stutt sé í sumarið. „Það er oft lítill

Þannig að það er það sem mun helst milda höggið fyrir íslenskan ferðaiðnað.

Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri viðskiptasviðs Keflavíkurflugvallar



sveigjanleiki í flugvélaflota flugfélaga vegna þess að þau eru búin að ráðstafa öllum vélum fyrir sumarvertíðina í nóvember árið á undan. Þannig að það er oft lítill slaki til að hreyfa til vélar og bæta við fyrir sumarvertíðina. Ofan á það bætist líka að sum flugfélög geta ekki notað Max-vélar,“ bendir hann á.

Meginþungann segir Hlynur felast í því hvernig Ícelandair breyti sínum áherslum í markaðssetningu. „Félagið er að auka vægi farþega sem eru ferðamenn til landsins á kostnað skiptifarþega. Ef þeir geta fengið vélar hafa þeir gefið út að þeir ætli að leggja áherslu á að

auka ferðamannastraum til landsins. Þannig að það er það sem mun helst milda höggið fyrir íslenskan ferðaiðnað,“ segir hann. Mögulega séu líka tækifæri fyrir önnur flugfélög sem þau muni grípa.

Komið hefur fram að ríkisstjórnin íhugar að reyna að laða að flugfélög með því að veittur verði afsláttur af farþegagjöldum. Hlynur segir þá aðferð hafa vera notaða utan háannatíma til að stuðla að heilsársferðamennsku á Íslandi.

„Mitt mat er það að til skamms tíma væri lækkan gjalda lítið að hafa áhrif þegar stærsta vanda málið er að ná sér í fleiri vélar,“ segir Hlynur aðspurður um hugsanleg áhrif af slíkri aðgerð.

Hlynur segir að þessa dagana sé unnið að því að meta áhrifin af falli WOW á starfsemi Isavia. „Við getum vonandi verið komin með innan tveggja vikna endurgerða farþega-spá fyrir Keflavík fyrir árið. Ut frá þeirri spá getum við séð hverjar tekjur okkar geta orðið. Þá kemur í ljós hvaða þjónusta þarf að vera á velinum en eins og staðan er í dag þá er fyrst og fremst verið að ráða færri yfir sumartímamann.“

gar@frettabladid.is

BLAÐBERAR OKKAR KUNNA BEST AÐ META ÞÁ SEM MOKA STÉTTIRNAR OG HAFNA ÚTILJÓSIN KVEIKT Á VETURNA

Póst-dreifing
við komum því til skila

www.postdreifing.is

Nýr og spennandi Hyundai i20.

Verð frá:
2.290.000 kr.



Sýndu skynsemi. Veldu nýjan i20.

Nýr i20 er fánlegur með sjálfvirkri neyðarhæmlun, akreina vara og sjálfvirkri hækkun og lækkun aðalljósa. Innréttingin hefur fengið nýtt og vandaðra yfirbragð, nýr 7" snertiskjár nýtir sér fullkonnustu margmiðlunartækni á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™.

Verið velkomin að reynsluaka nýjum og glæsilegum Hyundai i20.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16



Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

5 ÁR
ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Nýr Touareg. Fetaðu nýjar slóðir.

Traustvekjandi og tæknivæddur fyrir fjölskylduna þína.

Vetrar
Werð



Toureg Offroad

3.0 TDI V6 Fjór hjóladr. Sjálfsk.

Vetrarwerð
8.590.000 kr.

Verðlistaverð
9.290.000 kr.

Afsláttur
700.000 kr.



Nýr og öflugri Touareg er mættur.

Þægindin eru meiri en þú hefur áður kynnst og aksturseiginleikarnir engu líkir. Fjölmörg aðstoðarkerfi eru staðalbúnaður eins og stór aðgerðaskjár, leiðsögukerfi, árekstrarvörn, hiti í stýri og fleira. Ný og framúrskarandi tækni í Touareg gera aksturinn enn betri, þægilegri og öruggari. Komdu í HEKLU Laugavegi 170-174 og skoðuðu nýjan Touareg í návígi.

Sýningarsalurinn okkar á netinu er opinn
allan sólarhringinn. Skoðuðu úrvalið!

www.hekla.is/vwerslun



Volkswagen

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Fasteignamiðlun
Atvinnueign

Síðumúli 13 - 108 Reykjavík - s: 577 5500 - www.atvinnueign.is

Halldór Már Sverrisson

Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari
898 5599


halldor@atvinnueign.is



TIL LEIGU

LÁGMÚLI 7- JARÐHÆÐ

Atvinnueign kynnir til leigu 140 fm rými fyrir verslun eða veitingastað á jarðhæð við Lágmúla 7 í Reykjavík. Húsnæðið skilast tilbúið til innréttinga og er laust við undirritun samnings.



Allar nánari upplýsingar veitir: Halldór Már Sverrisson löggiltur fasteignasali og viðskiptafræðingur sími 898-5599 eða í tölvupósti: halldor@atvinnueign.is

ATVINNUEIGNIR ERU OKKAR FAG

Styrkir

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Fræðslusjóði til nýsköpunar- og þróunarverkefna

Forgangssvið við úthlutun árið 2019 eru:

- Efling stafrænnar hæfni vegna þróunar starfa.
- Þróun kennsluhátta í framhaldsfræðslu.
- Raunfærnimat í atvinnulífnum sem byggir á hæfnigreiningum starfa.

Við mat á umsóknum verður litið til hvort verkefnið:

- falli að markmiðum í 2. grein laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010
- feli í sér nýsköpun eða þróun sem nýtist markhópi framhaldsfræðslunnar*
- mæti sýnilegri þörf fyrir menntunarræði í framhaldsfræðslu
- hafi skýr skilgreind markmið og skilgreinda verkefnastjórn
- hafi skýra kostnaðar-, verk- og tímaáætlun
- feli í sér samstarf og að framlag samstarfsaðila sé tryggt og vel skilgreint
- sé líklegt til að skila hagnýtri afurð og verði vel kynnt

Einnig er litið til hvort umsækjandi hafi sýnt fram á faglega þekkingu og reynslu til að vinna verkefni sem sótt er um styrk til.

* Markhópur laga um framhaldsfræðslu eru allir þeir sem ekki hafa lokið fullu námi frá framhaldsskóla þ.e. ekki lokið stúdentsprófi, iðnnámi eða sambærilegu námi og þeir sem ekki hafa viðurkennt nám eða viðurkenda færni á sama þrepi til starfa í íslensku samfélagi, þótt þeir hafi lokið námi erlendis.

Umsóknarfrestur er til 6. maí 2019.

Eingöngu er tekið við umsóknum á rafrænu formi. Umsóknareyðublað, lög um framhaldsfræðslu og frekari upplýsingar er að finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, www.frae.is.

FRÆDSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI



Theresa May nær samningnum ekki í gegnum þingið. NORDICPHOTOS/AFP

Enn tapar Theresa May

Útgöngusamningur stjórnar May við ESB felldur í þriðja sinn. Skammur tími til stefnu. Leiðtogar ESB segja líkur á samningslausri útgöngu aukast.

BRETLAND Útgöngusamningur ríkisstjórnar Theresu May í Bretlandi við Evrópusambandið var felldur í þriðja skipti á breska þinginu í gær. Alls munaði 58 atkvæðum á fylkingum og þótt samningurinn hafi verið felldur með meiri mun í fyrri skipti verður ósigurinn í gær að teljast nokkuð stór fyrir breska forsætisráðherrann.

Loforð May um að víkja ef samningurinn væri samþykktur dugði því ekki til. Hún hafði vonast til þess að friða ósatta Íhaldsmenn með afsagnarhugmyndinni en 34 þingmenn flokks hennar gátu enn ekki hugsað sér að styðja plaggið. Það gat Lýðræðislegi sambandsflokkurinn (DUP), norðurirski íhaldsflokkurinn sem ver stjórn May vantrausti, ekki heldur hugsað sér.

Þingmenn koma aftur saman á mánudag til þess að ræða um hvað skuli gera næst. Það gerðu þeir raunar einnig á miðvikudag þegar átta tillögur um aðra nálgun í útgöngumálinu voru felldar. Ef meirihluti næst ekki utan um neina tillögu munu Bretar líklegast þurfa að ganga út úr ESB án samnings eða grípa til róttækra aðgerða, jafnvel afturkalla virkjun 50. greinar Lissabonsáttmálans og þannig fresta útgöngu ótímabundið.

Að atkvæðagreiðslu lokinni sagði May að hún harmaði niðurstöðuna og óttaðist að þingið gæti einfaldlega ekki sameinast um hvað gera skyldi. Heimildarmaður BBC innan forsætisráðuneytisins sagði að May myndi halda áfram að leita eftir stuðningi við samning sinn.

Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, var ömyrkur í máli og sagði að það þyrfti að gera grundvallarbreytingar á samningnum. „Við verðum að finna nýja nálgun. Og ef forsætisráðherra getur ekki sætt sig við það þarf hún að víkja. Ekki einhvern tímann í framtíðinni heldur þegar í stað. Þá gætum við tekið ákvörðun um framtíð landsins í nýjum þingkosningum,“ sagði Corbyn og bætti

» Samningur May var felldur með 58 þingmanna mun á breska þinginu í gær.

því við að atkvæðagreiðslan í gær yrði að vera lokaósigur May-samningsins.

„Hann hefur ekki náð í gegn. Hann mun ekki ná í gegn. Það hryggir mig að segja að Theresa May þarf nú að standa við orð sín og víkja svo nýr leiðtogi geti skilað af sér útgöngusamningi sem er þinginu þóknarlegur,“ sagði Corbyn aukinheldur.


Fléiri eru ósatt við ríkisstjórnina. Fyrir utan þinghúsið söfnuðust saman fjölmargir Brexit-sinnar. Nigel Farage, fyrrverandi formaður UKIP og einn helsti hvatamaður útgöngu, var einn þeirra sem ávörpuðu mannskapinn.

„Hinum megin við götuna sitja hundruð sem hafa sýnt þjóðar-atkvæðagreiðslunni og þeim sem greiddu atkvæði með útgöngu algjöra vanvirðingu undanfarin þrjú ár,“ sagði Farage. Hann bætti því við að samningur May væri „skelfilegur“.

Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs ESB, sagði á Twitter að hann hefði boðað til fundar í ráðinu þann 10. apríl vegna atburða gær dagsins. Þá sagði í yfirlýsingu frá framkvæmdastjórn ESB að Bretar yrðu að setja fram áætlun um framhaldið fyrir 12. apríl.

Evrópskir leiðtogar tjáðu sig einnig um stöðuna. Mark Rutte, forsætisráðherra Hollands, sagði hættuna á samningslausri útgöngu nú afar raunverulega. Undir það tók hinn írski Leo Varadkar og minnti á að framkvæmdastjórnin hefði samröma ályktað að samningnum yrði ekki breytt.

thorgnyr@frettabladid.is / sjá síðu 32



7 ára ábyrgð framleiðanda
á öllum nýjum Kia bílum

www.kia.com

Nýr Kia Optima Plug-in Hybrid

Fylgdu straumnum

Afborgun á mánuði:
36.777 kr.
M.v. 50% innborgun eða bíl í uppistöku
og lán til 84 mánaða. Vextir 7,7%.



OPTIMA SW
plug-in hybrid



The Power to Surprise

Við frumsýnum nýjan Optima PHEV í dag kl. 12–16

Kia Optima PHEV er nýr og umhverfismildur fjölskyldubíll. Hann er afar rúmgóður og vel búinn, með allt að 64 km rafdrægni og 440 lítra farangursrými. Optima PHEV er bæði fánlegur í Sportswagon og Sedan útgáfu. Í dag opnum við fyrir skráningar í Kia Gullhringinn, eina vinsælustu hjólreiðakeppni landsins. Sérfræðingar frá Erninum verða á staðnum og kynna helstu nýjungar í hjólreiðaiþróttum.

Optima PHEV EX á verði frá:

4.590.777 kr.

Komdu í heimsókn á Krókháls 13. Við tökum vel á móti þér.

ASKJA · Krókhálsi 11–13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

*Fosendur ábyrgðar eru regulegt þjónustuefrit sem kaupandi ber kostnað af. Lesu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abygd.

Komist upp með grímulaus lögbrót

Í kjölfar þess að Alþingi setti lög á starfsemi smálanafyrirtækja árið 2013 lögðu fyrirtækin upp laupana hvert af öðru. Þau lifa þó enn góðu lífi og halda áfram að lána Íslendingum íslenskar krónur með mörg hundruð prósentu vöxtum.

Ari Brynjólfsson
arib@frettabladid.is



LÁNASTARFSEMI Kredia, Hraðpeningar, Smálán, 1909 og Múla eru nú öll skráð í Danmörku. Vefsíður þeirra eru með danskt lén þrátt fyrir að vera á íslensku. Lénin eru í eigu tékkneska fjárfestingarfyrirtækisins Verrier Group sem er til húsa í blokk í Prag.

Starfsemi smálanafyrirtækjanna er nú í eigu Ecommerce 2020. Hér á landi sér lögfræðistofan Almenn innheimta ehf. um að innheimta vanskilakröfur fyrir hönd danska félagsins. Eigandi Ecommerce 2020 heitir Ondřej Šmakal og er frá Tékklandi. Hann er á fertugsaldri og rekur fjárfestingarfyrirtækið KPS í heimalandi sínu ásamt því að vera forstjóri Kredia Group. Hann kom á fund starfshópsins í fyrra og hefur einnig komið á fund hjá Umboðsmanni skuldara ásamt íslenskum lögmanni. Šmakal vildi lítið ræða starfsemi Ecommerce 2020, Kredia Group og tengsl þess við Ísland. Þeir sem hafa rætt við hann segja að svo virðist sem hann sé virkur stjórnandi en ekki leppur fyrir aðra.

Starfsemi beint að Íslendingum Erfiðlega hefur gengið að fá svör við því hvort Kredia Group bjóði eingöngu upp á þjónustu fyrir Íslendinga, samkvæmt vefsíðu fyrirtækisins er það með starfsemi í Lundúnum, Prag og Kaupmannahöfn. Viðmælendur Fréttablaðsins sem ræddu við Šmakal segja að hann hafi í raun viðurkennt þegar á hann var gengið að smálanafyrirtækin í eigu Kredia Group láni eingöngu til Íslendinga. Það sést þegar vefsíður smálanafyrirtækjanna eru skoðaðar. Fyrirtækið sé skráð í Danmörku til að komast fram hjá íslenskum lögum. Danir íhuga nú að setja sams konar bann og Íslendingar á starfsemi smálanafyrirtækja, yrði þá auðvelt fyrir Kredia Group að færa starfsemina til annars lands og halda áfram.



Höfuðstöðvarnar í Kaupmannahöfn.



Skrifstofurnar í Prag.

Það sé afstaða smálanafyrirtækjanna að þar sem þau séu skráð í Danmörku þá gildi um þau dönsk lög þrátt fyrir að starfseminni og markaðssetningunni, sem fer mest fram í gengum smáskilaboð og á samskiptamiðlum, sé alfarið beint að Íslendingum.

Linkind stjórnvalda

Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, segir samtökin furða sig á linkind stjórnvalda gagnvart þessum fyrirtækjum. Þau brjóti lög grímulaust og komist upp með það. „Hugsanlega hefði verið gengið harðar fram ef þessir ósvífnu við-

skiptahættir bitnuðu á góðborgurum þessa lands.“

Varhugaverð lán til skuldara

Almenn innheimta ehf. sér um að innheimta vanskilakröfur fyrir hönd Ecommerce 2020. Enn sem komið er hafa engar kröfur ratað inn á borð dómstóla. Það hefur komið fyrir að vanskil lána séu skráð á vanskilaskrá Creditinfo en þau afskráð ef lántaki mótmælir því. Það tíðkast hjá Almennri innheimtu að bjóða skuldurum lán til að greiða upp smálán. Slíkt lán færi eftir íslenskum lögum og bæri vexti sem væru innan lagalegra marka. Viðmælendur Fréttablaðsins segja

Hver er hvað?

Verrier Group

Fjárfestingarfyrirtæki skráð í Tékklandi. Það félag á lénin bæði á Íslandi og í Danmörku fyrir smálanafyrirtækin. Höfuðstöðvar þess eru í blokk í Prag.

Ecommerce 2020

Eigandi smálanafyrirtækjanna. Skráð til húsa í Havnegade 39 í Kaupmannahöfn, starfsemi þess er óheft í Danmörku ólíkt Íslandi. Skráður eigandi þess er Tékkinn Ondřej Šmakal.

Almenn innheimta ehf.

Lögfræðistofa sem sér um að innheimta fyrir smálanafyrirtækin hér á landi. Félagið er til húsa á Siglufirði, í sama húsi og Smálán ehf. var til húsa áður en það fór í þrot. Gísli Kr. Björnsson lögmaður er stjórnarmaður.

Það vekja upp spurningar um hvort með því sé verið að breyta ölög-mætu smáláni í lögmætt íslenskt lán, þá væri komið í veg fyrir að smálánin rötuðu til dómstóla.

Enginn segist eftirlitsaðili

Starfshópurinn lagði til að eftirlitsaðili með félaginu kannaði sérstaklega hvort fyrirtæki sem innheimta smálán veiti skuldurum

Peir eru bara viðskiptavinir.

Gísli Kr. Björnsson
lögmaður



Hugsanlega hefði verið gengið harðar fram ef þessir ósvífnu viðskiptahættir bitnuðu á góðborgurum þessa lands.

Brynhildur
Pétursdóttir



rangar eða villandi upplýsingar um staðreyndir. Þar sem Almenn innheimta ehf. er undir stjórn lögmanns lýtur félagið eftirliti Lögmannafélags Íslands, LÍ. Þar á bæ könnuðust menn ekki við að vera með félagið undir eftirliti. Vísaði LÍ á Fjármálaeftirlitið, sem vísaði til baka á LÍ.

„Bara viðskiptavinir“

Gísli Kr. Björnsson lögmaður var skráður eigandi Almennrar innheimtu ehf. í ársreikningi félagsins frá því í fyrra. „Ég er í stjórn félagsins“, segir Gísli þegar hann er spurður hvort hann sé eigandi Almennrar innheimtu ehf.

Gísli, sem er fyrrverandi formaður Varðar, vildi lítið segja um starfsemi félagsins. Hann vildi ekki svara hvort Almenn innheimta ehf. gerði annað en að innheimta fyrir smálanafyrirtæki. „Þeir eru bara viðskiptavinir.“

Félagið var með 123 milljónir í tekjur af innheimtu árið 2016 og 239 milljónir árið 2017. Hagnaðurinn er lítil þar sem flestar tekjurnar fara í „annan rekstrarkostnað“. Langstærstur hluti þess fer í aðkeypta þjónustu og rekstur tölvukerfis. Lögheimilið er á Suðurgötu 10 á Siglufirði, sem er sama heimilisfang og Smálán ehf. var með þegar það félag fór í þrot árið 2016. Aðspurður hvort einhver tengsl séu á milli félaganna, sagði Gísli: „Það getur vel verið að það hafi verið einhvern tímann, ég þekki það ekki.“ Það hann svo blaðamann sérstaklega um að hafa broskall á eftir því sem hann sagði.

Atburðarásin

2009

■ Haustið 2009 fer Kredia að bjóða upp á smálán. Lántakendur skrá sig á netinu og geta svo fengið lán með því að senda SMS. Talsmaður neytenda varar við lánunum. Vextir á 10 þúsund króna láni eru yfir 600 prósent.

2010-2012


■ Hraðpeningar, Múla, 1909 og Smálán bætast í hópinn.

2013

■ Alþingi setur lög um að heildarlántökukostnaður megi ekki vera meiri en 50%, að viðbættum stýrivöxtum Seðlabankans, af höfuðstóli lánsins. Allir sem taka lán þurfa að fara í láns-hæfismat.

2015-2017

■ Neytendastofa beitir dagsektum á smálanafyrirtæki vegna ýmissa skilmála sem fyrirtækin túlka ekki sem hluta af lántöku-



kostnaði. Smálanafyrirtækin hér á landi fara í þrot eitt af öðru.

2015

■ Almenn innheimta ehf. hefur starfsemi.

2016

■ Aur, Pei og Netgíró hasla sér völl á markaði.

2017

■ Kredia.dk, 1909.dk, mula.dk,

hraðpeningar.dk og smalan.dk opnuð. Lénin eru í eigu Verrier Group í Tékklandi.

2018

■ Iðnaðarráðherra skipar starfshóp til að kortleggja umhverfi smálanafyrirtækja hér á landi.

2019

■ Starfshópurinn skilar niðurstöðum, tólf tillögum skilað til ráðherra.

Útsala
1. – 30. apríl

50-70%
afsláttur af erlendum bókum og völdum vörum.

bóksala stúdenta
Alvöru bókabúð og miklu meira
www.boksala.is

40
ÁR
MEÐ FRÁBÆRUM TILBOÐUM!

VIÐ FÖGNUM **40 ÁRA AFMÆLI JYSK** Á HEIMSVÍSU
MEÐ FRÁBÆRUM AFMÆLISTILBOÐUM

FERMINGARTILBOÐ

COMFORT LUXE DÝNA + HØIE UNIQUE SÆNG & KODDI+ LAK + SÆNGURVERASETT

Sparið
46.985



FULLT VERÐ: 126.935

79.950

høie OF SCANDINAVIA COMFORT LUXE PLUS HÆGRNI & GEBI DUO 2+1

ALLAR*
MYRKVUNARGARDÍNUR
20-50%

*GILDIR ÚT 1. APRÍL

ALLIR*
PLASTKASSAR
20-40%

*GILDIR ÚT 2. APRÍL

ÖLL*
RÚMTEPPI
30%

*GILDIR ÚT 2. APRÍL

WHITE PEARL SÆNG*
ALLT AÐ
40%

*GILDIR ÚT 2. APRÍL

SÆNG NÚ VERÐ FRÁ:
19.990

VALIN SKRIFBORD*
ALLT AÐ
40%

*GILDIR ÚT 2. APRÍL



ALLIR*
SKRIFBORDS- OG LEIKJASTÓLAR
20-40%

*GILDIR ÚT 2. APRÍL



ALLIR*
PÚÐAR
3 FYRIR 2

*GILDIR ÚT 2. APRÍL



ÖLL*
BARNASÆNGURVER
20%

*GILDIR ÚT 2. APRÍL



ALLIR*
SÓFAR- OG SVEFNSÓFAR
20-40%

*GILDIR ÚT 1. APRÍL



EGGEN*
HEILSUKODDI
50%

*GILDIR ÚT 2. APRÍL





Kringlan

OFURHJÓLA DAGURINN

SUNNUDAGINN 31.MARS

Kringlan verður undirlögð af spennandi hjólakeppnum, sýningum og kynningum frá hádegi til kvölds á sunnudaginn.

Sparkhólakeppni, hraðakeppni (criterum) í bílastæðahúsi, BMX sýning og þrautakeppni krakka í göngugötu.

Kringlu-BRUN er hápunktur dagsins en þá stökkva ofurhugar á fjallahjólum milli hæða í göngugötu!

Hjartanlega velkomin á Ofurhjóladag Kringlunnar!

OPIÐ: LAUGARDAG 10-18 | SUNNUDAG 13-18 | kringlan.is

DAGSKRÁ

Kl. 12 Hraðakeppni (criterium)

Hraðakeppni á braut í bílastæðahúsi Kringlunnar.

Kl. 13.30 Sparkhjólámót (2-5 ára)

Krakkar á sparkhjólum fara sérmerkta braut á Bíógangi Kringlunnar. Markmið að hafa gaman saman.

Kl. 14.30 Krakkahjólámót (6-11 ára)

Krakkar á pedalahjólum fara einfalda þrautabraut í göngu-götunni. Mótið hentar byrjendum.

Kl. 15.30 Hjólámót unglunga (12-15 ára)

Farin verður braut með nokkrum hindrunum inni í Kringlunni.

Kl. 16:30 BMX sýning

BMX BRÓS sýna snilldartakta á hjólum í göngugötu.

17:00 Kringlu-BRUN (Down Mall)

Í fyrsta sinn á Íslandi verður brunað niður rúllustiga og stokkið milli hæða í Kringlunni! Kringlu-BRUN er líkt og hefðbundið brun á fjallahjólum nema innanhúss. Það má enginn missa af þessu ótrúlega atriði.

Ath. Þátttakendur í keppnum dagsins mæti með eigið hjól og hjálma. Krakkar fá verðlaunapening fyrir þátttöku.

Upplýsingar um skráningu og dagskrá er að finna á kringlan.is.

SKOÐUN

Píkudýrkun



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ein hvern tímanna var það yfirlýst markmið Háskóla Íslands að verða einn af 100 bestu háskólum heims. Sennilega er svo enn því háskólastofnun hlýtur ætíð að setja sér gófum markmið. Hér skal þó ósagt látið hvort svokallaðir Píkudagar sem haldnir voru í háskólanum fyrir nokkrum dögum séu þáttur í því háleita markmiði þessarar merku stofnunar að komast í hóp þeirra 100 bestu. Framtakið hlýtur allavega að flokkast til akademískra skringilegheita, þótt ekki sé líklegt að háskólasamfélagið hafi meðvitað stefnt að því.

Ekki skal dregið úr þeirri staðreynd að karlmenn hafa stundum verið æði uppteknir af typpinu á sér. Sumir þeirra, dónakarlarinn alræmdu, hafa átt það til að senda kynningarmyndir af typpinu á sér til kvenna. Þeir lifa í þeim misskilningi að þannig geti þeir unnið sig í álit meðan staðreyndin er sú að karlmenn sem eru öllum stundum uppteknir af typpinu á sér þykja fremur hvíleidd fyrirbæri. Í daglegu tali eru þeir oft kallaðir typpalngar.

Á ýmsum tímum hafa svo verið reistar byggingar af alls kyns tagi sem minna óneitanlega á reðurtakn. Eitt slíkt, sementsstrompurinn voldugi, var nýlega fellt á Akranesi, og þótti mörgum það mikill óþarfi. Önnur standa þó enn í fullri reisu og þykja jafnvel hin mestu auginynda. Þannig að typpin rata víða. Ekki hefur þó enn frést af háskólaráðstefnum með tilheyrandi pallborðsumræðum, málstofum og þátttöku stjórnmálaflokka þar sem áherslan er á þetta sérstaka líffæri, typpið. Það myndi sennilega heyrast hljóð úr horni yrði slík háskólaráðstefna auglýst með alls kyns uppákomum eins og spurningakeppnum um typpi, upplestri á runkminningum og veitingum á borð við typpakokteila. Það þykir hins vegar hið mesta framfaramál þegar konur efna til Píkudaga í Háskóla Íslands og ræða um heilsu píkunnar og segja sjálfstjórnarsögur. Þetta er í fyrsta sinn sem Píkudagar eru haldnir og af auglýsingum og fjölmiðlaumfjöllun mátti ráða að vonir stæðu til að þeir yrðu árlegur viðburður. Landsmenn hljóta að biða spenntir eftir því hvað verður á boðstólum á næstu Píkudögum. Kannski pikusmakk?

Kvenfrelsisbaráttan er komin upp á nýtt og framandi stig þegar einblint er á píkudýrkun sem svar við reðurdýrkun karla. Ætla mátti að kynin hafi sitt-hvað merkilegra við að iðja í háskólum en að einblína á kynfæri sín og hefja þau upp á stall? Slíka upphafningu getur fólk vissulega stundað af alefli heima hjá sér, og haft unun af, en háskólastofnun á ekki að vera musteri slíkrar iðju. Sitthvað er svo óunnið í jafnréttisbaráttunni, hér á landi eru til dæmis hópar láglauna-kvenna sem engan veginn geta lifað af launum sínum. Í stað þess að fylkja sér um píkuna væri nær að slá skjaldborg um þessar láglaunakonur og vinna að því að bæta kjör þeirra.

Kvennabarátta er mikilvæg og merkileg og á að fara fram í háskólum landsins, en það er sannarlega ekki verið að gera henni hátt undir höfði með jafn skringilegu og innihaldslitlu fyrirbæri og Píkudögum.



Kvenfrelsisbaráttan er komin upp á nýtt og framandi stig þegar einblint er á píkudýrkun sem svar við reðurdýrkun karla.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Með framendann fastan í afturendanum

Hugvitssemi mannsins virðast engin takmörk sett. Hann beislar náttúruna, lækna drepstóttir, hefur sig til flugs (engar áhyggjur, þetta er ekki pistill um WOW), alla leið út í geim.

Í vikunni hætti Geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA, við geimgöngu sem hefði orðið sú fyrsta í sögunni sem aðeins væri mönnum konum. Ástæðan var sú að ekki voru til nógu margir geimbúningar í kvennastæðum. Það sem hefði átt að vera stórt skref fyrir kvenkynið varð þvert á móti enn önnur staðfesting þess að við lifum í veröld sem smíðuð er af körlum fyrir karla.

Ímyndaðu þér heim þar sem farsímenn þinn er of stór fyrir lófann á þér, lækni þinn skrifað upp á lyf fyrir þig sem eru ekki ætluð þér, þú býrð við 47% auknar líkur á að slasast alvarlega í umferðarslysi og þú færð ekki greitt fyrir vinnuna þína. Þannig blasir veröldin við þér ef þú ert kona.

Undirrituð mælti nýverið með á þessum vettvangi bók sem gerir nú allt vitlaust í Bretlandi og sýnir tölfræðilega fram á að konur eru hinn gleymdi helmingur mannkyns. Í tilefni fréttarinnar um NASA er rétt að tala til fleiri tölur úr bókinni um ósýnileika kvenna:

- Í 90% rannsókna í lyfjajafnaði þar sem lyf eru prófuð á dýrum eru rannsóknirnar aðeins gerðar á karldýrum jafnvel þótt líkamsstarfsemi og hormónastarfsemi kynjanna sé ólík.
- Aðeins 11% þátttakenda í læknisfræðirannsóknum sem ætlað er að finna lækningu við alnæmi eru konur.
- Lyfjaprófun á lyfinu „Viagra fyrir konur“ var gerð á tuttugu og þremur körlum en aðeins tveimur konum.
- Konur sjá um 75% ógreiddra umönnunarstarfa á heimsvísu.
- Konur eyða sex klukkustundum á dag við ólaunuð störf en karlmenn sinna ólaunaðri vinnu frá þrjátíu mínútum í allt að tvo tíma á dag.
- Í Bretlandi eru konur þrisvar sinnum líklegri en karlar til að fara með börnin í skólann.
- Í Bandaríkjunum eyða karlar klukkustund lengur en

konur á dag í tómsundur.

- Konur eru oft kalt á skrifstofunni. Það er vegna þess að hitastig skrifstofa heimsins miðast við líkamshita sjöttíu kílóa fertugs karlmanns.
- Konur búa við 70% aukna hættu á að þjást af þunglyndi. Lyf við sjúkdómnum eru þó nær eingöngu prófuð á körlum.
- Það eru 47% meiri líkur á að kona slasist alvarlega í árekstri því sætisbelti og loftþúðar bifreiða eru hönnuð með stærð meðal karlmanns að leiðarljósi.
- Kvenkyns píanóleikarar eru 50% líklegri til að slasast við leik sinn því píanó eru hönnuð með stærð karlmannshandar að leiðarljósi.
- Það eru ekki aðeins konur í röðum geimfara sem fá ekki á sig fatnað. 71% kvenna klæðist fatnaði við vinnu sem var ekki hannaður með þær í huga.
- Lögreglukonur klæðast stunguvestum sem eru hönnuð til að vernda karla.
- Meðal farsímenn er hannaður þannig að hann er of stór fyrir meðal kvenhönd.
- Karlmenn eru 100% lengur í mynd í kvikmyndum en konur.
- Konur fóru með 28% hlutverka í kvikmyndum sem ætlaðar eru allri fjölskyldunni á árunum 1990-2005.
- Aðeins 17% aukaleikara í kvikmyndum eru konur.
- 3,3% vinsælustu tölvuleikjanna eru með konu sem aðalsöguhetju.
- Helmingi meiri líkur eru á að kona fái ranga sjúkdómsgreiningu í kjölfar hjartaáfalls því einkenni hjartaáfalls hjá konum eru önnur en hjá körlum og heilbrigðisstarfsfólk þekkir þau síður.
- Í Bretlandi eru fleiri stytur af körlum sem heita John en stytur af konum.

Maðurinn er stórbrotin skepna. Hann beislar náttúruna, lækna drepstóttir, hefur sig til flugs, alla leið út í geim. En ekki alltaf. Stundum er jarðsamband mannsins svo náð að hann líkist helst ánamaðki sem skreiddist í hringi í kálgarði með framendann fastan í afturendanum.


NORSKA SENDIRÁÐIÐ

Húsnæði óskast

Óskum eftir að taka á leigu 5 herbergja íbúðarhúsnæði, miðsvæðis í Reykjavík, fyrir norskan starfsmann ásamt fjölskyldu og hundi.

Leigutíminn er þrjú ár frá 1. ágúst 2019.
Öruggar greiðslur og góð umgengni.

Nánari upplýsingar í síma 5 200 700
eða emb.reykjavik@mfa.no

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY



Innovation
that excites

MEIRA FYRIR PENINGINN

TRYGGÐU ÞÉR EINN **PAKKAÐAN NISSAN**



BJÓÐUM NOKKRA SÉRÚTBÚNA X-TRAIL
OG QASHQAI MEÐ **700.000 KR. AFSLÆTTI**

Um er að ræða takmarkaðan fjölda Nissan TEKNA,
sem eru hlaðnir lúxusbúnaði, á verði ACENTA.

NISSAN QASHQAI

TEKNA, 2WD, SJÁLFSKIPTUR, BENSÍN
VERÐ FRÁ: 4.950.000 KR.

TILBOÐSVERÐ:

4.250.000 kr.

NISSAN X-TRAIL

TEKNA, 4WD, 7 SÆTA, SJÁLFSKIPTUR, DÍSIL
VERÐ FRÁ: 7.190.000 KR.

TILBOÐSVERÐ:

6.490.000 kr.

ÓPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



ÍR knúði fram oddaleik gegn Njarðvík



Kevin Capers og liðsfélagar hans hjá ÍR höfðu betur gegn Njarðvík í fjórða leik liðanna í úrslitakeppni Domino's-deildar karla í körfubolta í Selja-skóla í gærkvöldi. Liðin þurfa þar af leiðandi að mætast í oddaleik í Ljónagryfjunni í Njarðvík á mánudaginn kemur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Nýjast

Domino's-deild karla 
Átta liða úrslit

Grindavík - Stjarnan 76-83

Grindavík: Lewis Clinch Jr. 21, Ingvi Þór Guðmundsson 15, Sigtryggur Arnar Björnsson 13, Jordy Kuiper 12, Ólafur Ólafsson 9, Jóhann Árni Ólafsson 6.

Stjarnan: Brandon Rozzell 18, Hlynur Elías Bæringsson 16, Collin Anthony Pryor 15, Antti Kanervo 13, Ægir Þór Steinarsson 11, Arnþór Freyr Guðmundsson 8, Tómas Þórður Hilmarsson 2.

Stjarnan hafði betur, 3-1, í einvígi liðanna og er þar af leiðandi komin í undanúrslit keppinnar.

Óvist er hvaða liði Stjarnan mætir í undanúrslitum en auk Stjörnunnar er KR komið á þann stað í keppinni.

ÍR - Njarðvík 87-79

ÍR: Matthías Orri Sigurðarson 23, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 19, Gerald Robinson 15, Kevin Capers 11, Trausti Eiríksson 7, Sigurkarl Röbert Jóhannsson 6, Hákon Örn Hjálmarsson 4, Sæþór Elmar Kristjánsson 2.

Njarðvík: Jeb Ivey 20, Elvar Már Friðriksson 19, Logi Gunnarsson 15, Mario Matasovic 12, Ólafur Helgi Jónsson 11, Eric Katenda 2.

ÍR-ingar jöfnuðu með þessum sigri metin 2-2 í einvígi liðanna eftir að hafa lent 2-0 undir. Liðin mætast í oddaleik í Ljónagryfjunni í Njarðvík á mánudaginn.

Þór Þorlákshöfn fær Tindastól í heimsókn í Icelandic Glacial höllina í Þorlákshöfn í kvöld þar sem fjórði leikur liðanna fer fram.

Staðan í þeirri viðureign er 2-1 Tindastól í vil; Tindastóll komst í 2-0 í einvíginu en Þór minnkaði muninn með sigri í síðasta leik á Sauðárkróki.

Þéttskipuð dagskrá fram undan hjá City

Að landsleikjahléinu loknu fer lokaspretturinn í ensku úrvalsdeildinni af stað um helgina. Leikjadagskráin hjá ríkjandi Englandsmesturum er ansi þétt en þeir eiga hið minnsta ellefu leiki á næstu sex vikum og þeir gætu orðið fleiri.

ENSKI BOLTINN Nú er að duga eða drepast fyrir lærisveina Pep Guardi-ola. Manchester City leikur gegn Fulham í hádeginu í dag og með því hefst sex vikna törn sem ræður úrslitum um það hvernig tímabilið hjá lærisveinum Guardiola heppnast. Verður Manchester City fyrsta liðið til að vinna alla fjóra titlana sem eru í boði eða verður einn bikar að duga þetta árið? Næstu sex vikur á liðið að minnsta kosti ellefu leiki en það gætu alls fjórir leikir bæst við fyrir lok tímabilsins.

Manchester City er þegar búið að verja deildarbikartitlinn og er í afar vænlegri stöðu í deild og bikar. City-menn misstu að vísu toppsætið til Liverpool í bili fyrir landsleikjahlé en eiga leik til góða. Fyrir utan leik gegn nágrönnunum í Manchester United á Old Trafford og heimsókn frá Tottenham eru andstæðingar City það sem eftir er tímabils flestir að berjast í neðri hluta deildarinnar.

Það er fátt sem bendir til þess að lið á borð við Fulham, Cardiff og Burnley fari að taka stig af Manchester City sem á þó eftir að mæta Leicester og Crystal Palace. Fyrir jól tapaði Manchester City óvænt tveimur leikjum í röð gegn Leicester og Palace en síðan þá hefur liðið sett

í fimmta gir og er að kafsígla andstæðinga sína í hverri viku. Fyrir utan eitt tap gegn Newcastle hefur Manchester City unnið alla leikina síðan Leicester vann óvæntan sigur á City undir lok desember. Uppskeran alls þrjátíu stig í síðustu ellefu leikjum, 28 mörk skoruð gegn sex og lið gjörsamlega kaffærð á leiðinni.

Á sama tíma tekur Liverpool á móti Tottenham og getur City komist í kjörstöðu í baráttunni um titilinn með hagstæðum úrslitum.

Leið Manchester City í átt að bikarmeistaratitlinum ætti að vera greiðari enda með sterkasta liðið sem er eftir í keppinni. City-menn mæta Brighton í undanúrslitum bikarsins þar sem City getur komist í úrslitaleikinn í þriðja sinn á síðustu 38 árum.

Komist City áfram biða Úlfarnir eða Watford í úrslitaleiknum.

Að lokum mætir Manchester City liði Tottenham átta liða úrslitum í Meistaradeildinni en það er staða sem hvorugt liðið þekkir vel. Takist City að komast áfram gegn Tottenham og færast nær fyrsta Evrópu-meistaratitlinum bæst tveir leikir við til viðbótar fyrir lok tímabilsins og City leikur þrettán leiki á næstu sex vikum eða rúmlega tvo leiki á viku.

Draumurinn um fernuna hjá City lifir því enn góðu lífi en til þess þurfa City-menn að vinna stærstan hluta fimmtán leikja á næstu átta vikum.

Pep hefur úr öllum höpnum að velja og þarf hann á honum öllum að halda til að komast í gegnum leikja-álagið sem er fram undan.

kristinnpall@frettabladid.is

ftr.
FÉLAG TÆKNIFÓLKIS Í RAÐIÐNADI

AÐALFUNDUR 2019

Aðalfundur FTR verður haldinn miðvikudaginn **10. apríl 2019, kl 17.00**, á Stórhöfða 31, 1. hæð (Gengið inn Grafarvogsmeginn)

DAGSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar
2. Samþykkt reikninga
3. Sameining FSK við FTR
4. Sameining kjaradeildar FK við FTR
5. Lagabreytingar
6. Kosningar
7. Önnur mál

Reykjavík 27. mars 2019

Kveðja, stjórnin

TRAUSTIR BÍLAR Á ÖRUGGUM STAÐ

**GEGGJUÐ
TILBOÐ!**

Kauptu traustan bíl á öruggum stað. Kauptu bíl hjá Brimborg. Yfir 500 gerðir bíla frá Volvo, Ford, Mazda, Citroën og Peugeot. Frábært verð og traust þjónusta. Við eigum rétta bílinn fyrir þig!



Volvo V40 CC D2 Momentum

2,0 Turbo dísil, 120 hö, sjálfskiptur

Búnaður innifalinn umfram ríkulegan staðalbúnað er: Momentum útfærsla, leðuráklæði, málmlitur, leiðsögukerfi, Sensus Connect hljómtæki, 8 hátalarar, 7" skjár, Led aðalljós með beygjustýringu, Led lýsing í innréttingu, Webasto vélarhitari, nálægðarskynjari að aftan og bakkmyndavél.

Verðlistaverð 5.238.000 kr.

Tilboðsverð: **4.450.000** kr.

-788.000 KR.



Ford EcoSport Titanium S SUV

1,0 bensín, 125 hö, sjálfskiptur

17" álfelgur, málmlitur, bakkmyndavél, leðuráklæði og Xenon aðalljós.

Verðlistaverð 3.850.000 kr.

Tilboðsverð: **3.390.000** kr.

-460.000 KR.
+ VETRARDEKK



Mazda2 Niseko

1,5 bensín, 90 hö, sjálfskiptur

Nettur og vel búinn Mazda2 með SkyActiv spartækni og snjallhæmlun!

Verðlistaverð 2.660.000 kr.

Tilboðsverð: **2.410.000** kr.

-250.000 KR.



Peugeot 3008 Allure

1,2 bensín, 130 hö, sjálfskiptur

Glæsileg hönnun, há sætisstaða, fyrsta flokks þægindi og hugvitsöm tækni einkenna Peugeot 3008 SUV.

Verðlistaverð með bakkmyndavél ofl. 4.690.000 kr.

Tilboðsverð: **4.290.000** kr.

-400.000 KR.



Citroën C3 Feel

1,2 bensín, 82 hö, beinskíptur

Citroën C3 fer einstaklega vel með þig, frábærlega mjúkur í akstri og lítið veghljóð. Innra rými tekur ótrúlega vel á móti þér og er einstaklega vel heppnað.

Verðlistaverð 2.320.000 kr.

Tilboðsverð frá: **1.990.000** kr.

-330.000 KR.



**OPIÐ Í DAG
KL. 12-16**

- Komdu í reynsluakstur í dag!

brimborg.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

HELGARSPRENGJUR Í

FÖSTUDAGUR TIL MÁNUDAGS

25%
AFSLÁTTUR



DENVER

2ja og 3ja sæta sófi og stóll.
Með brúnu slitsterku microfiber áklæði.

3ja sæta: 218 x 98 x 88 cm.

127.493 kr. ~~169.990 kr.~~

2ja sæta: 168 x 98 x 88 cm.

97.493 kr. ~~129.990 kr.~~

Stóll

67.493 kr. ~~89.990 kr.~~



VENICE

3ja sæta sófi. Fánlegir í bláu og dökkgráu sléttflauei.
Stærð: 184 x 85 x 89 cm

111.993 kr. ~~159.990 kr.~~

30%
AFSLÁTTUR

MICHELLE

Borðstofustóll.
Svart eða
koníaksbrúnt
PU-leður
og svartir
fætur.



20%
AFSLÁTTUR

14.392 kr. ~~17.990 kr.~~



BELINA

Borðstofuborð, hvít plata með svötum eða viðarlitum
fótum. Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

84.992 kr. ~~99.990 kr.~~

15%
AFSLÁTTUR

ASAMA

Borðstofustóll,
svart PU leður
og svartir
fætur.



20%
AFSLÁTTUR

9.592 kr. ~~11.990 kr.~~

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með
fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.
Gildir frá föstudegi 29. mars til mánudags 1. apríl 2019

HÚSGAGNAHÖLLINNI

25%
AFSLÁTTUR



UMBRIA

Tungusófi, vinstri tunga. Grátt eða dökkgrátt áklæði. Aukahlutur á mynd: Hnakka- og armpúði. Stærð: 245 x 163 x 78 cm.

149.993 kr. -199.990 kr.



CALAIS

Hægindastóll með skemli. PVC-leður í fjórum litum. Dökkgrátt, ljóst, svart og koníaksbrúnt



25%
AFSLÁTTUR

97.425 kr. -129.990 kr.



25%
AFSLÁTTUR

CALAIS

Hægindastóll með skemli. Dökkbrúnttt eða blátt áklæði

74.925 kr. -99.990 kr.

BRISTOL

Hægindastóll. Svört viðargrind, fætur og armar. Svart leður í sæti, baki og hliðum.



30%
AFSLÁTTUR

76.993 kr. -109.990 kr.

35%
AFSLÁTTUR



RELIEVE

Hægindastóll með eða án skemils. Nokkrar útfærslur í áklæði eða leðri.

Bronslitt áklæði, álfótur

144.944 kr. -222.990 kr.

Skemill

40.944 kr. -62.990 kr.

Svart Fantasy leður

172.244 kr. -264.990 kr.

Skemill

50.044 kr. -76.990 kr.

35%
AFSLÁTTUR



CONFORM*

Grátt bolzano leður

178.744 kr.

-274.990 kr.

Skemill

51.944 kr.

-79.990 kr.



HÚSGAGNA
HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ HÆLGIN

Topp 5 hlutir á HönnunarMars

„Það er mjög erfitt fyrir mig að velja svona á milli þar sem mig langar mikið að reyna að sjá allt auðvitað. Hér eru nokkrar sýningar sem ég mæli með að skoða og líka bara taka rúntinn og fara á milli og drekka í sig hönnunina úti um allan bæ.“



Álfur Pálsdóttir, kynningarstjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

1 Plús eilífð eftir And Antimatter – Hönnunardúoið og hjónin Þórey og Baldur eru búin að breyta Gróttuvita í eins konar töfra-veröld og upplifun að fara þangað og skoða. Opíð eftir flóði og fjöru svo endilega að kynna sér opnunartímana á hönnunarmars.is áður er ætt af stað.

2 Trophy eftir Stúdíó Flétta – Þær Hrefna og Birta eru búnar að leysa vanda margra heimila sem eru með geymslur og skápa fulla af alls konar bikurunum og medalium því þær hafa breytt þeim í skemmtilega muni. Gaman að sjá þær í gryfjunni í Ásmundarsal.

3 Og fyrst maður er kominn þangað þá mæli ég með að skella sér upp á efri hæðina og sjá Skógar-nytjar eftir Björn Blumenstein og Festival barinn þar sem kennir ýmissa grasa.

4 HönnunarMars teygir sig alla leið til Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Hafnarborg er með tvær skemmtilegar sýningar, Fyrirvara Brynjar og Veroniku og Teikningar/skissur í leir og textil eftir Kristínu Garðarsdóttur.

5 Þá er Hönnunarsafnið í Garðabæ skemmtilegur áfangastaður um helgina með sýninguna Borgarlandslag eftir Paolo Gianfrancesco og Veðurvinnustofu Shu Yi.



Fyrsta einkasýningin: Þræðir í kring

Ása Briet Brattaberg heldur sína fyrstu einkasýningu á HönnunarMars, Þræðir í kring, í versluninni Evu á Laugavegi. „Þræðir allt í kring er framhald af kjól sem ég gerði fyrir tónlistarkonuna Sóley fyrir Airwaves 2018. Þráðurinn er í aðalhlutverki og ég leyfi textílnum að segja sína sögu í gegnum flikina. Með saumavélinni skapa ég þræði, og endurtek. Upphafið er ákveðið, endirinn er óvissa. Hugurinn tynist í tímanum og það eina sem stjórnar mér er vélin sem ýtir mér áfram. Í þessu verki varpa ég ljósi á manneskjuna sem verður miðja athyglinnar með alla sína þræði að bera sem eru alltumlykjandi og alltumvefjandi,“ segir hún.

Ása Briet útskrifaðist úr kjólasaum frá Tækniskólanum árið 2016 og fór þaðan í Myndlistaskólann í Reykjavík.

Hún segir tækifæri fólgin í því að sérsauma fatnað á fólk.

„Það væri frábært ef það væru fleiri sem myndu átta sig á því að það er hægt að fá sína draumaflik sérsaumaða á sig. Það er allt of mikið um það að fólk er að koma með flikur sem það hefur pantað á netinu til dæmis sem þarf síðan að breyta því að flikin passar ekki. Fólk virðist vera til í að borga fyrir flikina, sendingarkostnað og svo viðgerðina á flikinni en finnst svo vera of dýrt að láta sérsauma á sig. Á endanum þá er þetta svipaður kostnaður, tala nú ekki um það hvað það er óumhverfisvænt að panta sér fót að utan sem eru kannski í tísku í nokkra mánuði og enda mjög líklegast á einhverjum tímamarki í landfyllingu. Með sérsaumaðri flik kemur meiri virðing og lengri líftími og án efa nær manneskjan að tjá sig betur í gegnum flikina,“ segir Ása Briet.

Suðupottur hönnunar í borginni

HönnunarMars stendur nú yfir og lýkur á sunnudag. Viðburðir hátíðarinnar eru skipulagðir ýmist af íslenskum hönnuðum og arkitektum, fyrirtækjum eða stofnunum, en þátttakendur hátíðarinnar eru um 400 ár hvert.



Gólfmottur úr gallabuxum

Flétta og Steinunn Eyja Halldórsdóttir sýna gólfmottur í húsgagnaversluninni NORR11. Motturnar eru unnar úr gallabuxum sem safnast í fatasöfnun Rauða krossins en nýtast ekki hérlendis vegna ástands þeirra eða útlits.

Katharine Hamnett, aktivísti og ikon í tiskuheiminum, er á Íslandi. Hún er í viðtali á blaðsíðu 30.

Ilmsturta í Fischer

Skógarböð eða Shinrin-yoku bæta ónæmiskerfið og auka velliðan. Ástæðuna má rekja til ilmkyrnanna sem trén gefa frá sér til að verjast bakteríum. Nordic Angan kynnir á sýningu í versluninni Fischer í Fischersundi Ilmsturtuna, skógarbað fyrir þá sem komast ekki út í skóg.



HAF STUDIO+IKEA

Hönnunarparið Hafsteinn Júlíusson og Karítas Sveinsdóttir í HAF Studio hafa undanfarin ár hannað eldhús í ýmsum stærðum og gerðum og komu í vinnu sinni auga á vannýtt tækifæri og framleiða nú hágæða framhliðar í stöðluðu formi fyrir IKEA-grunnskápa. HAF Front. „Við hjá HAF Studio höfum lengi dáðst að vörum IKEA og er staðreyndin sú að grunnskápar og innvols er með því betra sem völin er á. Okkar markmið er því að geta hjálpað enn fleirum að búa til sitt draumaeldhús með því að framleiða hágæða framhliðar í stöðluðu formi fyrir IKEA-grunnskápa. Við erum ekki að finna upp hjólið, en það er hægt að fá svipaða þjónustu á Norðurlöndunum og víðar. Í okkar starfi finnst okkur þetta sárvanta á Íslandi og langar okkur því að bæta þessari þjónustu við starfsemi okkar,“ segir Hafsteinn. Hvert var markmiðið með hönnuninni? Hvernig mynduð þið lýsa henni?

„Markmiðið var að gera hágæða framleiðslu og fallega hönnun aðgengilega sem flestum. Á þessu ári er svo stefnan að breikka vörulínu HAF Front og er samstarf nú þegar hafið við þekkta hönnuði og arkitekta um þróun á framhliðum í mismunandi áferð, útliti og efnun,“ segir hann.



**Cocoa
Puffs**

**Algjört
súkkulæði!**





Þórunn er stolt af öllum börnunum sínum og finnst auðvitað að hún eigi alveg einstakt barnabarn. Bara verst að það á heima dálitið langt í burtu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Auðvitað er lærdómur að takast á við áfall

Það kom **Þórunni Egilsdóttur** alþingismanni ekki á óvart þegar ber sem hún fann í brjósti reyndist illkynja. Hún er bjartsýn og ætlar að hjálpa lyfjunum að losa hana við hinn óboðna gest, með jákvæðni að vopni.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Þórunn Egilsdóttir alþingismaður er í veikindafrí en er að horfa á beina útsendingu úr þinghúsinu þegar við Stefán ljósmyndari heimsækjum hana. Skáhallt móti sjónvarpinu er hennar hæginda-stóll. „Þessi er kallaður móður-stöðin,“ segir hún og hlær. Getur hún kannski sent þingliðinu tóninn þaðan ef henni þykir við þurfa? „Já, ég get það gegnum samfélagsmiðla en ég stilli mig. Er meira í að reyna að vera hvetjandi. Það er betra. Ég gaf einkunnir um daginn!“

Hún kveðst eiga marga vini á þinginu. „Það er öndvegisfólk í

öllum flokkum en auðvitað tengir maður misvel við fólk. Það er margt áhugavert sem maður fær að sjá og kynnast í þingmannsstarfinu sem maður kæmist ekki í öðru vísi,“ segir hún og kveðst þakklát fyrir að fá umboð til að sinna þessu starfi, enda hafi hún lagt sig fram um að gera það eins vel og hún geti.

Kallar æxlið boðflennu

Sjónvarpið er afstærri gerðinni. „Ég splæsti í þetta tæki þegar ég greindist með krabbameinið, svo ég gæti fylgst sem best með,“ segir hún og er í framhaldinu beðin að lýsa því sem hún hefur verið að ganga í gegnum.

„Ég fór í myndatöku 5. febrúar, þá var ég búin að finna eitthvað í brjóstinu. Svo var ég boðuð í sýnatöku um miðjan febrúar og fékk fyrsta lyfjaskammtinn 14. mars.



„Þarna er ég í mínu náttúrlega umhverfi,“ segir Þórunn og lánar okkur mynd.

Þetta hefur gengið hratt fyrir sig, enda meinið komið á þriðja stig, var hraðvaxandi og þrúneikvætt, þannig að það svarar engri hormónamedferð. Þetta er ein tegund af krabbameini og þá virkar bara ein tegund af lyfjum. Ég er búin að fá svokallaðan lyfjabrunn í bringuna og fæ lyfin í hann. Þau eru svo svakalegt eitruð ef þau fara á húð eða eitthvað út fyrir þá éta þau upp vefi.“

Hún kveðst fá lyfjagjöf á þriggja vikna fresti, gegnum brunninn, og vera búin með eina af sex. „Svo fer ég líklega í skurðaðgerð, þá verður ákveðið hvert framhaldið verður, hvort ég fer í geisla eða hvað. Þetta er heljarinnar pakki. Ég kalla æxlið boðflennu og það er búin að setja merki inn í það, þá sést hvar það er, eins og gerist stundum í svona meðferðum. Það verður bara að koma í ljós. Ég er bjartsýn, ætla bara að leyfa mér það. Hugurinn skiptir svo miklu í lífinu, sama í hverju við erum. Ég hef tamið mér jákvæðni, meðal annars í þinginu. Það er miklu skemmtilegra en að vera neikvæður, ekki spurning.“

En það er meira en að segja það að fá svona greiningu. Spurð hvernig henni hafi orðið við svarar Þórunn: „Ég vissi þetta innra með mér – en

get ekki útskýrt hvernig. Fór í skíðafrí með foreldrum mínum og góðum vinum í janúar, þá var ég búin að finna þetta í brjóstinu og átti tímann þannig að ég átti von á þessari niðurstöðu. Eftir á átta ég mig á því að ég var búin að vera orkulítill um tíma, hélt bara að ég væri búin að vinna of mikið og orðin langþreytt. En þetta var meira.“

Um leið og Þórunn rennir kaffi í bollana segir hún: „Ég ætla mér í gegnum þetta og geri það á minn hátt. Það er enginn sem segir að það sé rétta aðferðin. Við erum öll ólík og eigum að vera það. Ég er alls enginn sérfræðingur í þessu efni en ég vanda mig í að hlusta á fólk sem veit meira, bæði fagfólk sem hefur djúpri og mikilli þekkingu að miðla og fólk sem er eða var í sömu stöðu og hefur reynslu.“

Hún kveðst hafa sett sér að fara í göngutúr á hverjum degi og það hafi tekist, meira að segja dagana sem hún var sem slöppust. „Þá staulaðist ég Hvassaleitishringinn. Foreldrar mínir fóru með mér. Góðir vinir hafa líka mætt til að fara með mér í gönguferðir. Það er ómetanlegt. Það er svo hressandi að fara út og eiga gott samtal á göngu.“

Þórunn ber lof á starf Ljósins á




EFTIR Á ÁTTA ÉG MIG Á ÞVÍ AÐ ÉG VAR BÚIN AÐ VERA ORKULÍTIL UM TÍMA, HÉLT BARA AÐ ÉG VÆRI BÚIN AÐ VINNA OF MIKIÐ OG ORÐIN LANGÞREYTT. EN ÞETTA VAR MEIRA.

Langholtsvegi, kveðst líka búin að fara í hugleiðslu í Krabbameinsfélaginu og á gagnlegan fyrirlestur um næringu. „Það er margt í boði, það er kosturinn við að vera í Reykjavík. Því vel ég að fara í gegnum meðferðina hér þó ég eigi heima austur í Vopnafirði.“

Fjölskyldan dreifð um landið

Þórunn á tvö heimili, á Hauksstöðum í Vopnafirði og í Hvassaleitinu. „Maðurinn minn, Friðbjörn Haukur, er fyrir austan og hugsar um búskapinn, en við höfum fækkað fénu. Hekla, yngri dóttir okkar, er hjá mér, hún er fimmtán ára og gengur í Álftamýrarskóla. Eldri dóttirin, Kristjana, er flutt heim í Hauksstaði, nýútskrifuð úr heimspeki og að vinna fyrir austan. Var um helgina hjá mér og svo kemur Haukur og verður hjá mér í næstu lyfjagjöf. Sonurinn Guðmundur býr á Húsavík með sína fjölskyldu, þar er barnabarnið – svo lítið langt frá. Guðmundur er starfandi lögglumaður, hann er með BA í íslensku og er í mastersnámi í kennslufræðum og löggluskólanum. Ég er stolt af börnunum mínum og finnst ég náttúrlega eiga alveg einstakt barnabarn! Svo búa mamma og pabbi herna í næsta stigagangi, það eru forrétindi. Þetta er gamla



Grunnur að lífsgæðum

Vísindadagur OR kl. 9.00–14.15

Hér gefst öllum kostur á að kynna sér spennandi framfaraverkefni hjá OR, Veitum, Orku náttúrunnar og Gagnaveitu Reykjavíkur. Vetnisframleiðsla, grjótvinnsla úr gróðurhúsalofti, þörungavinnsla, regn í Reykjavík og 5G eru á meðal umfjöllunarefna í nítján stuttum erindum.

**Öll eru velkomin í Kaldalón í Hörpu
fimmtudaginn 4. apríl kl. 9–16.
Streymt verður frá viðburðunum á [or.is](#).**

Opinn ársfundur OR kl. 14.30–16.00

Hlutverk OR og dótturfyrirtækjanna er að vera grunnur lífsgæða. Hvernig gengur og hvert skal haldið? Borgarstjóri, stjórnarformaður og stjórnendur fyrirtækjanna fara yfir stöðuna og stóru verkefni framundan; loftslagsmálin og orkuskiptin, snjallvæðingu veitukerfanna og framtíðarnýtingu Ljósleiðarans.

Dagskrá og skráning á viðburðina á [or.is](#)



ÉG HEF FARIÐ YFIR

FJÖLLIN Í ALLS KONAR

FÆRD OG VEDRI OG EKKI

ALLTAF SÉÐ MILLI STIKA EN

AUÐVITAÐ FER ÉG EKKI ÚT

Í GLÓRULAUSAN BYL.

hverfið mitt. Hér átti ég heima fram undir tvítugt.“

Mig langar að vita meira um foreldrana og fæ greið svör. „Pabbi heitir Egill Ásgrímsson, er bólstrari og var lengi á Bergstaðastræti. Mamma heitir Sigríður Lúthersdóttir, hún var í fyrsta landsliðinu í handbolta, vann mikið fyrir Armann og ÍSí. Síðustu árin starfaði hún með pabba á verkstæðinu og þau eru enn að úti í bílskúr. Ég er lánsöm að hafa þau hér, við röltum á milli, jafnvel gegnum kjallarann, og Hekla getur alltaf leitað til þeirra. Þau eru finar fyrirmyndir.“

Spurð hvernig Heklu líði með stöðuna hjá mömmunni svarar Þórunn: „Hekla er alveg mögnuð og stendur sig svakalega vel. Hún er svo skynsöm og klár stelpa. Þetta er engin óskastada, en það eina sem ég get ráðið er hvernig ég mæti henni. Auðvitað er lærdómur að takast á við svona áfall sem lifið færir manni.“

Viðbrigði að vera aðgerðalaus

Þórunn hefur verið á þingi frá 2013 fyrir Norðausturkjördæmi og er formaður þingflokks Framsóknarflokksins. Hún segir það vera viðbrigði að þurfa að vera aðgerðalaus. „Mér finnst mikil áskorun að takast á við það að vera ekki á fullu – fyrir utan auðvitað dagana sem ég get ekkert gert. Ég hef verið svo virk og verkefni svo mörg. En ég sagði stundum við krakkana mína þegar þeir voru minni að það væri hollt að leiðast stundum, svo þeir héldu ekki að það ætti alltaf að vera gaman. Nú verð ég að sýna stillingu! Annars þrjúna ég sokka og sauma út,“ segir Þórunn brosandí og bendir á nýnnrammaðar myndir með hinni hlýlegu áletrun: Drottinn blessi heimilið. „Reyndar kalla lyfin fram beinverki þannig að ég verð kannski ekki alltaf í hannyrðastuði, fékk meira að segja verki í hársvörðinn og hálfgerð flensueinkenni,“ lýsir hún. „Lífið fer bara á hvolf en maður lærir eitthvað nýtt á hverjum degi og kynnist góðu fólki. Það er gefandi. Að ekki sé talað um allar kveðjurnar og stuðninginn sem ég hef fengið, bæði opinberlega og beint, ég er gríðarlega þakklát fyrir þetta allt. Það skiptir miklu máli að finna fyrir velvildinni, hún er ekkert sjálfgefin.“

Hekla er ökominn úr skólanum þennan daginn, Þórunn segir hana vera í valáfanga. „Í dag er heimilisfræði, henni finnst hún svo skemmtileg. Hún hefur bókunargenin úr ættinni hans Hauks, hann er afbróðir hennar. Við vorum svo heppin að fá hana í fjölskylduna fyrir rúnum tíu árum.“

Þórunn rifjar upp að þegar hún hóf þingmennskuna hafi henni fundist erfiðast að fara frá Heklu en stefnan hafi verið að fara heim um hverja helgi. „Það gekk svona mestmegnis,“ segir hún. „Svo var ég orðin svolítið lúin á þessum ferðalögum. Þegar aðrir voru komnir í frí síðdegis á föstudögum, átti ég eftir að fara yfir landið. Við ætludum að breyta til, Haukur að vera meira í bænum og hann og bróðir hans, sem var líka með bú á Hauksstöðum, að skipta meira með sér verkum heima, en þá greindist bróðirinn með krabbamein og dó bara nokkrum vikum seinna. Þá breyttist það plan. Nú er Hekla komin hingað í skóla og Haukur kemur oftast suður en við



„Ég ætla mér í gegnum þetta og geri það á minn hátt,“ segir Þórunn um veikindin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



EN ÉG SAGÐI STUNDUM VIÐ

KRAKKANA MÍNA ÞEGAR

ÞEIR VORU MINNI AÐ ÞAÐ

VÆRI HOLLT AÐ LEIÐAST

STUNDUM, SVO ÞEIR

HÉLDU EKKI AÐ ÞAÐ ÆTTI

ALLTAF AÐ VERA GAMAN.

NÚ VERÐ ÉG AÐ SÝNA

STILLINGU!

ætluð að vera heima um páskana.“

Hún kveðst vera heima í öllum frium og allt sumarið. „En maður þarf að vera vel giftur til að vera í þessu starfi – og ég er það. Ég er mjög lánsöm í lifinu, á góða fjölskyldu, góða vini og hef bara verið heppin með svo margt. Almennt verid heilsuhraust og getað gert það sem mér finnst skemmtilegt. En mér hefur aldrei fundist að ég ætti endilega að sleppa við allt. Það getur alveg eins verið ég eins og hver annar sem fær krabbamein. Einhverra hluta vegna var þetta í boði núna. Mamma greindist með krabbamein í lungum fyrir fjórum



„Ég splæsti í þetta sjónvarp þegar ég greindist,“ segir Þórunn sem gefur kollegunum stundum einkunnir gegnum Snapchat. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

árnum. Það leit ekkert sérlega vel út en hún er bara hress í dag, verður áttæð í næsta mánuði og er á fullu að ferðast, sýnir að það er allt hægt.“

Vissi strax að hann væri sá rétti

Nú langar mig að vita hvernig það kom til að hún gerðist bóndakona á Hauksstöðum, sem eru nánast uppi á Vopnafjarðarheiði. „Ég kláraði stúdentinn frá Versló en vissi ekki alveg hvað ég vildi verða og ákvað að prófa eitthvað nýtt. Sá auglýsingu frá Vopnafjarðarskóla um að þar vantaði kennara og hringdi. Þá þurfti að hringja í 97 á undan númerinu. Ég var ráðin. Svo var

kennaraverkfall um haustið. Þá átti ég engan aur svo ég réð mig í slátruhúsið, þar sá ég Hauk og vissi um leið að hann yrði maðurinn minn. Samt var það mjög fjarri mér þá að gifta mig, þetta var bara það fyrsta sem ég hugsaði þegar ég sá hann.“

Var hann svona sætur? „Já, svo er hann bara svo einstök manneskja. Því kynntist ég betur þegar ég réð mig sem kaupakonu til hans næsta sumar og er líklega síðasta kaupakonan á Íslandi sem giftist bóndanum! Við eigum 32 ára brúðkaupsafmæli í sumar.“

Þórunn kveðst hafa verið viðloðandi skólann á Vopnafirði og

ákveðið að taka Kennaraháskólann í fjarnámi. „Krakkarnir okkar voru þá byrjaðir í skóla, fóru klukkan hálf átta í skólabilinn en ég settist niður og fór að læra. Það var rosaleg vinna en mér gekk vel. Var með tölvu en netsambandið var bágborið, símalínan inn í Hauksstaði var enn lélegri en á aðra bæi í sveitinni, það kom síðar í ljós. Ég grínadist oft með að „það væru svo þröngar leiðslurnar“ og það reyndist ekkert svo fjarstæðukennt. Þess vegna er ég svo ánægð núna með að það er að takast að ljósleiðaravæða allt landið. Það er gríðarlega mikilvægur áfangi. Þá getum við farið að tala um störf án staðsetningar og að fólk geti lært hvar sem er. Það er grundvallaratriði svo við höldum landinu í byggð að hafa góðar samgöngur og gott netsamband. Þegar ég byrjaði á þingi fyrir sex árum var ekki GSM-samband heima hjá mér og slæmt fastlínu- og netsamband. En ljósleiðarinn kom í vetur og nú sjáum við í fyrsta skipti meira en RÚV í sjónvarpinu. Vorum samt ekki inni í dreifikerfinu, heldur þurftum sjálf að setja upp móttakara. Nú er þetta allt komið og það er bylting.“

Forréttindi að búa afskekkt

Innt eftir íbúabróun í Vopnafirði segir Þórunn margt gott að gerast þar núna. „Barnsfæðingum fjölga, bæði í þorpinu og sveitinni, og mér finnst bjartara yfir en fyrir nokkrum árum. Unga fólk er að flytja aftur heim og sér tækifærin. Ég vona að það haldi áfram, það þarf að vera þannig. Þegar ég fór til Vopnafjarðar 1984 var stundum bara ófært og fólk ætlaðist ekki til að komast neitt. Það er gjörbreytt í dag. Flugid er mikið öryggisatriði því við þurfum að keyra yfir hæsta fjallveg á landinu og þó við séum komin með breiðan og góðan veg þá koma vond veður á þessu fjalli. Það breytist ekki.“

Milli Egilsstaða og Hauksstaða eru 110 kílómetrar. Skyldi Þórunn sjálf hafa lent í illviðrum í vetrarferðum sínum? „Já, já, ég hef farið yfir fjöllin í alls konar færð og vedri og ekki alltaf séð milli stika en auðvitað fer ég ekki út í glórulausan byl. Ég ber virðingu fyrir náttúruöflunum, við erum svo smá gagnvart þeim. Einn vetur, af þessum sex síðan ég byrjaði á þingi, var snjóþungur, þá voru 30 kílómetra snjógöng á minni leið.“

Þó að Þórunn sé Reykjavíkurdama í grunninn finnst henni forréttindi að eiga heima á afskekktum stað eins og Hauksstöðum. „Margir mundu leggja mikið á sig fyrir að búa við svona aðstæður þar sem maður getur bara farið upp í brekku og verið í friði og tínt jurtt, hvort sem er í te eða krydd í mat. Uppáhaldið mitt er að fara á gönguskiði í tungsljósi og ekkert trúflar. Það er bara dásamlegt.“ Hún segir þó að stöku sinnum sleppi sumarið því að koma við, þegar „hann liggir“ í norðaustanátt. „En svo upplifum við líka dásamleg sumur á milli, góða daga og mikil hlýindi. Vorid var mjög gott í fyrra, kom snemma og var þurrt. Það er það sem maður óskar eftir um sauðburðinn.“

Sérverkefni Þórunnar

Samfélagsmiðlarnir komu við sögu í upphafi spjalls okkar og við endum á þeim líka.

„Ég er á Snapchat og segi ýmislegt þar sem mér dettur í hug og svo er ég á Instagram og held því áfram. Einnig er ég með hóp á fésbók sem heitir Sérverkefni Þórunnar fyrir mig og þá sem vilja fylgjast með mér og þar má fólk óska eftir að vera með en þar er ekkert til almennrar birtingar. Þar óska ég bara eftir jákvæðni og beiti húmornum óspart sjálf. Sumir segja að ég sé töffari og það getur vel verið. Ég er ekkert grimmt samt, hvorki við sjálfa mig né aðra, eða það held ég ekki. En maður verður að sýna sjálfum sér ákveðni og aga um leið og maður hlífir sér eftir þörfum. Gleði, kærleikur, stefnufesta og ákveðni eru hugtök sem ég reyni að tileinka mér á hverjum degi.“

UPPLIFÐU EINSTAKA TILFINNINGU



GLÆNÝR MAZDA3 – FRUMSÝNING Í DAG!

AKSTURSEIGINLEIKAR SAMEINA MANN OG BÍL

Markmið verkfræðinga Mazda er að gera mann og bíl að einu við aksturinn en á japönsku útleggst það sem Jinba Ittai, forn japönsk hugmyndafræði, eða „maður og hestur verða eitt“. Nýjasta SkyActiv bíltækni Mazda3 leysir þetta á magnaðan hátt sem þú upplifir strax í fyrsta akstri. G-VECTURING PLUS akstursstjórnunartæknin er önnur kynslóð þessa afar fullkomna kerfis. Kerfið skynjar fyrirætlanir ökumannsins eins og hesturinn skynjar knapann sem leiðir til einstakrar upplifunar ökumanns og farþega. Prófaðu.

FRAMÚRSKARANDI SAMSKIPTATÆKNI

Nýtt stafrænt mælaborð auðveldar aksturinn ásamt uppfærðum 8,8" skjánum sem er vel staðsettur til að trufla ekki aksturinn. Samskiptatæknin Mazda-Connect hefur verið endurhönnuð og er nú hraðvirkari og hjálpar þér að fylgjast með umferðinni. Bose hljómtækin skila einstökum hljómi með tólf hátölurum sem eru staðsettir á úthugsuðum stöðum í farþegarýminu. Apple CarPlay, Android Auto og GPS vegaleiðsögn eru staðalbúnaður í nýjum Mazda3. Vertu í sambandi.

FÖGUR HÖNNUN OG EINSTAKT SAMSPIL GÆÐAEFNA INNRETTINGAR

Ytri hönnun Mazda3 er einstaklega fögur þar sem flæðandi línur, ljósabúnaður og margvísleg önnur natni við smáatriði gefa bílnum einstaka lúxusásýnd. Þegar inn er komið upplifir þú magnaða hönnun innréttingar með samspili gæðaeigna með einstakri áferð sem gælir við skynfærin. Mazda3 býður upp á einstaklega hljóðlát innra rými þar sem veghljóð hefur verið lágmarkað. Snertu og prófaðu.


Verð frá 3.490.000 kr.

Brimborg frumsýnir glænýjan og ríkulega búinn Mazda3 á laugardaginn í Reykjavík og á Akureyri kl. 12-16. Upplifðu einstaka tilfinningu.




Öruggur staður til að vera á

HEILL HEIMUR ÆVINTÝRA!



Fahrenheit 451°
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 3.999.-




Hvar er Depill?
TILBOÐSVERÐ: 2.599.-
Verð áður: 2.999.-



Maestra
TILBOÐSVERÐ: 2.499.-
Verð áður: 2.999.-




Borðuðu froskinn!
TILBOÐSVERÐ: 2.899.-
Verð áður: 3.399.-




Lasarus
TILBOÐSVERÐ: 3.399.-
Verð áður: 3.999.-




Barnabækurnar um
Tuma & Emmu
TILBOÐSVERÐ: 1.199.- (stk.)
Verð áður: 1.499.- (stk.)




Rauður maður | Svartur maður
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð áður: 4.999.-




Moldrok
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.999



Galdra-Manga
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.699.-



Hernaðarlistin
TILBOÐSVERÐ: 2.799.-
Verð áður: 3.499.-




Harry Potter
og viskusteinninn
TILBOÐSVERÐ: 3.699.-
Verð áður: 4.499.-




Blóðhefnd
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 3.999.-




Uppljóstrarinn
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 3.999.-



Gullbúrið
TILBOÐSVERÐ: 3.100.-
Verð áður: 3.999.-



Kambsmálið
TILBOÐSVERÐ: 3.699.-
Verð áður: 4.299.-



Kastaníumaðurinn
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 1. apríl, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Ég hef aldrei verið sterkari

Tískugoðsögnin **Katharine Hamnett** er á Íslandi. Hún hefur í áratugi barist fyrir umhverfisvænni framleiðslu háttum í tiskuiðnaði. „Hún gagnaði eins og hæna,“ segir hún um frægan fund með Margaret Thatcher árið 1984.

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Fatahönnuðurinn Katharine Hamnett er róttækur frumkvöðull í tiskuheiminum og hefur í marga áratugi barist fyrir betra siðferði og umhverfisvænni framleiðsluháttum. Hún er komin á áttæðisaldur en endurvakti sögufrægt fatamerki sitt fyrir tveimur árum og segist aldrei hafa verið einbeittari í baráttunni.

„Ég er bara örvæntingarfull en ég er drifin áfram af ást. Hef aldrei verið sterkari og einbeittari í baráttunni. Við höfum hreinlega klúðrað málunum algjörlega og verðum að gera eitthvað fyrir börnin okkar og barnabörnin. Tíminn sem við höfum til að bjarga málunum, hann er senn á enda,“ segir Katharine sem segir að þótt fólk sé almennt meðvitað þá gangi það ekki nægilega langt í því að hafna framleiðsluháttum sem skaði umhverfið.

„Aldamótakynslóðin gerir ráð fyrir því að flestallt sem er framleitt í dag sé sjálfbært. Andskotinn hafi það, það er alls ekki þannig,“ segir Katharine og bætir því við að því miður sé það oft þannig að það sé ógerningur fyrir neytendur að átta sig á því hvort flik sé framleidd með ásættanlegum og sjálfbærum hætti.

Hún er enn í London þegar blaðamaður talar við hana. Situr á kaffihúsi með hundinn sinn og veltir því fyrir sér hverju hún eigi að klæðast fyrir Íslandsferðina.


Hún vonast til þess að sjá og upplifa íslenska náttúru en er líka spennit þegar hún heyrir að börn mótmæli aðgerðaleyfi stjórnvalda og leiðtoga heimsins vegna loftslagsmála. Katharine er stödd hér á landi vegna HönnunarMars en hönnun hennar er seld í Stefánsbúð/ps3. Þau hafa tekið höndum saman og kynna nýjan bol sem þau hafa hannað saman með boðskap sem stendur hjarta þeirra nærri.

Hlerunarbúnaður í veggjunum


Æska og uppvöxtur Katharine er áhugaverður. Hún ólst upp á þvælingi um Evrópu með fjölskyldu sinni á kaldastríðsárunum. „Það er óhætt að segja að ég hafi verið kaldastríðsbarn. Faðir minn vann fyrir Nató og ég bjó til dæmis í Rúmeníu, Búlgaríu og Svíþjóð. Reglulega var hlerunarbúnaður rifinn úr veggjunum. Þetta voru þannig tímar, við töluðum saman á baðherberginu og létum vatnið renna. Ég var svo send í heimavistarskóla átta ára gömul,“ segir Katharine og segist hafa verið haldin heimþrá og skrifað bréf til foreldra sinna. „Þau bárust foreldrum mínum mánuði seinna og umslagði var límt saman með nokkrum tegundum af límbandi,“ segir hún.

„Ég held það sé þess vegna sem mér finnst oft erfitt að deila persónulegum upplýsingum um mig. Mér finnst þessir tímar þar sem allir deila öllu lífi sínu á Facebook varhugaverðir. Mér var innrætt frá æsku að deila engu um persónulegt líf mitt og ég held að ég sé enn svolítið á varðbergi,“ segir Katharine.

Það var strax í uppvextinum sem pólitík, tíska og menning runnu saman í huga Katharine. „Mamma og pabbi voru falleg, glæsilegt fólk, og ég fylgdi þeim stundum í veislur. Ég myndi ekki segja að þau hafi verið algjörlega á hægri væng stjórnmalanna en skodanir þeirra voru markaðar af þessum tíma. Ég



Katharine Hamnett í portinu við Stefánsbúð/ps3. Þangað kom hún til að taka þátt í HönnunarMars. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI




Margaret Thatcher hittir Katharine Hamnett árið 1984. Fyrir neðan: George Michael í bol eftir Katharine og Andrew Ridgeley, félagi hans í Wham!

mátti ekki einu sinni stunda jóga í skólanum. Þeim fannst það vera of kommúnískt,“ segir Katharine og hlær að minningunni. „Ég hef alltaf lesið dagblöð og fylgst með gangi mála. Allt frá barnæsku. En það var samt ekki fyrr en í námi mínu í Central Saint Martins listaháskólanum árið 1968 að ég vakna til vitundar. Þetta er þegar stúdentaóeirðirnar eru. Ég var í fyrstu pirruð vegna mótmælanna vegna þess að ég vildi bara halda ótrufluð áfram námi mínu, útskrifast og fara að starfa sem fatahönnuður. Ég var óþreyjufull en ég vaknaði til meðvitundar á þessum tíma. Ég fór í uppreisn og reifst statt og stöðugt við föður minn,“ segir Katharine.

Gagnaði eins og hæna

Katharine setti á fót eigin fatalínu árið 1979. Fáeinum árum seinna framleiddi hún fyrstu „mótmælaboli“ sína. Á þeim stóð til dæmis stórum stöfum: Choose Life og Education Not Missiles. Þeir urðu gríðarlega vinsælir, félagarnir



George Michael og Andrew Ridgeley í Wham! klæddust bolum hennar í einu af myndböndum sínum.

„Þegar Margaret Thatcher komst til valda var það hræðilegur tími fyrir Bretland, lýðræðið smaug í gegnum fingur okkar. Á sama tíma var verið að líkja eftir hönnun minni. Ég hugsaði með mér, hvað væri hreinlega hentugt að falska? Ég ákvað að hanna og framleiða boli með einföldum en sterkum pólitískum, samfélagslegum skilaboðum. Ég vildi sá fræjum í huga fólks og vekja athygli á málefnum sem fengu ekki nægilega athygli.“

En einna vinsælastur varð bolur sem Katharine klæddist þegar henni var boðið að hitta Margaret Thatcher. Á honum stóð: 58% don't

want Pershing. Uppátækið rataði á forsiður dagblaða víða um heim.

„Ég ætlaði ekki að fara í þetta tiltekna boð. En svo hugsaði ég málið, ég skyldi klæðast bolnum og ég gæti að minnsta kosti fengið mynd af mér með henni. Svo ég klæddi mig í hann og fór í jakka yfir og klæddist Converse-strigaskóm við. Ég fór ekki úr jakkanum fyrr en stuttu áður. Var ofsalega taugastrekk en brosti þegar ég tók í höndina á henni. Sjáðu til, allir brosa í stjórnmalum. Sá sem brosir er sigurvegari,“ segir Katharine glettnislega og segist þá hafa verið algjörlega grunlaus um að myndin sem var tekin af henni og Margaret myndi dreifast um heiminn.

„En svo sá hún skilaboðin og var brugðið. Gaf frá sér skrýtið hljóð. Hún gagnaði eins og hæna,“ segir Katharine og hlær. „Hún kom svo aftur til að ræða við mig seinna. En þetta var svolítið fyndið, sá eini sem talaði við mig var Jasper Conran. Annars nálgaðist mig enginn. Það vildi heldur enginn standa nálægt mér, í þriggja metra radius,“ segir Katharine og viðurkennir að taugararnar hafi verið trekkar.

Tískan er að drepa okkur

Katharine var frá upphafi upptekin af umhverfis- og félagslegum áhrifum tísku og textiliðnaðar. Eftir því sem árin liðu fór hún að beita sér í meiri mæli fyrir siðrænni og umhverfisvænni framleiðsluháttum.

Hún tók þá ákvörðun að minnka við sig og takmarka framleiðsluna þar til hægt væri að mæta kröfum hennar. Hún dró sig út úr tiskuiðnaðinum og einbeitt sér að aktivisma og pólitík þar til fyrir fáeinum árum að hún fann að tíðarandinn hafði breyst verulega. Það væri aftur kominn tími til að vigbúast í baráttunni.

Hún stofnaði aftur fatamerki sitt árið 2017 og framleiðir aftur bæði kven- og herrafatnað og allur fatnaður hennar er framleiddur á sjálfbærar og siðrænan hátt á Ítalíu.



LEIÐTOGAR ERU ÖMUR-LEGIR, VIÐ ÞURFUM ÞÁ EKKI.

„Sannleikurinn er sá að tískan er að drepa okkur og ógnar lífi á jörðinni. Við ferjum nánast einnota fatnað tíu sinnum í kringum jörðina til þess að koma honum í útsöluþúfir. Fatnaðurinn endar svo í landfyllingum innan skamms tíma. Textílframleiðsla hefur skaðleg áhrif á umhverfið og eiturefnanotkunin er mjög mikil. Meiri en fólk grunar. Þá fer framleiðsla oft fram í löndum þar sem skortur er á umhverfislöggjöf eða henni er ekki framfylgt.“

Vill reka „moðhausana“

Katharine fylgist vel með stjórnmalum í heimalandinu og hefur mótmælt útgöngu úr Evrópusambandinu. „Það ætti að reka alla þessa stjórnmalamenn sem hafa komið okkur í þessa ómurlugu klípu. Búið til þessa gjá á milli fólks. Það tekur margar kynslóðir að græða sárin. Við munum seint jafna okkur á þessu. Þetta eru moðhausar. Lýðræðið hefur þróast í ranga átt. Við þurfum beinna lýðræði, við þurfum að taka til aðgerða.“

Leiðtogar eru ómurlægir, við þurfum þá ekki. Ég gerði þannig bol um daginn. Leaders suck! Málið er að heimurinn er að breytast,“ segir hún. „Og vonandi áfram í rétta átt. Það getur nefnilega verið hættulegt að fara í kröfugöngur og kaupa bolinn ef við gerum svo ekkert meira. Það sem hefur úrslitaáhrif er þegar við látum stjórnmalamenn og leiðtoga heimsins finna fyrir því að völd þeirra eru fallvölt. Að það séum í rauninni við sem ráðum.“

Njóttu þess að hlakka til

vita

Sumarhvellur

Alicante – Almería – Tyrkland – Kanarí – Krít – Tenerife

Frábær verð í sumar og sól

ALICANTE – 7 NÆTUR



Albir Playa Hotel ★★★★★

Verð frá **109.900** kr.
á mann m.v. 2 í tvíbýli með morgunverði.

VALDAR BROTTFARIR Í JÚNÍ, JÚLÍ OG ÁGÚST

ALMERÍA – 7 NÆTUR



Hotel Playacapricho ★★★★★

Verð frá **99.900** kr.
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi með aukarúmi og morgunverði.

VALDAR BROTTFARIR Í JÚNÍ, JÚLÍ OG ÁGÚST

BODRUM – 10 NÆTUR



Salmakis Resort & Spa ★★★★★

Verð frá **139.900** kr.
á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í hálfu fæði.

VALDAR BROTTFARIR Í JÚNÍ, JÚLÍ OG ÁGÚST

KANARÍ – 7 NÆTUR



Caybeach Meloneras ★★★

Verð frá **79.900** kr.
á mann m.v. mest 5 fullorðna og 1 barn í smáhýsi.

VALDAR BROTTFARIR Í JÚNÍ OG ÁGÚST

KRÍT – 10 NÆTUR



Oscar Suites & Village ★★★★★

Verð frá **137.900** kr.
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með morgunverði.

VALDAR BROTTFARIR Í JÚNÍ, JÚLÍ OG ÁGÚST

TENERIFE – 7 NÆTUR



Family Garden Compostela Beach ★★★

Verð frá **89.900** kr.
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.

VALDAR BROTTFARIR Í JÚNÍ, JÚLÍ OG ÁGÚST

Gildir til 9. apríl á völdum dagsetningum meðan framboð leyfir.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Bókaðu draumaferðina þína á VITA.is

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | ferd@vita.is

Kjartan Hreinn
Njálsson
kjartanhreinn@frettabladid.is



Prátt fyrir mikinn og góðan árangur í baráttunni við heimsfaraldur eyðniveirunnar hafa aðeins tveir einstaklingar verið læknaðir af HIV-smiti. Sá fyrri hefur ætíð verið kallaður Berlínarsjúklingurinn, en heitir réttu nafni Timothy Ray Brown. Á þeim 12 árum sem liðin eru frá lækningu Browns hafa læknar og vísindamenn víða um heim freistað þess að endurtaka leikinn og þann 5. mars tilkynnti hópur lækna í Lundúnum að loks hefði annar einstaklingur verið læknaður með sömu aðferð og Brown tólf árum áður. Sá einstaklingur hefur ekki viljað láta greina frá nafni sínu, og er enn sem komið er kallaður Lundúnasjúklingurinn.

Eyðniveiran, og hnattrænn faraldur hennar, hefur á undanförmum áratugum verið ótægandi uppspretta hræðslu og válegra tíðinda. Veiran hefur haft bein áhrif á líftugmilljóna einstaklinga á öllum aldri, á öllum stigum samfélagsins, og í öllum heimsins hornum. Með þessa staðreynd í huga er ótrúlegt að hugsa til þess að aðeins 38 ár eru síðan veiran skaut fyrst upp kollinum í rannsóknarstofum vísindamanna hjá Miðstöð sjúkdóma- varna í Bandaríkjunum. Síðan þá hefur HIV, sem veldur hæggengu niðurbroti ónæmiskerfisins, dregið í kringum 40 milljónir manna til dauða. Þetta eru í kringum 3 þúsund dauðsföll á dag, fyrir hvern dag síðan veiran uppgötvaðist í júní árið 1981.

Engin veira hefur verið rannsökuð af jafn miklum krafti og HIV. Erfitt er að ímynda sér veiru sem hefur á jafn skömmum tíma skotið svo kirfílega rötum í meðvitund fólks. Um leið hafa vísindamenn háð langa, og oft á tíðum árangurslitla, baráttu við veiruna. Afrakstur þessarar miklu vinnu er þó einstakur. Með hjálp andretróveirulyfja getur smitaður einstaklingur í dag lifað nær eðlilegu lífi. Lífslíkur þeirra sem smitaðir eru af HIV nálgast nú lífslíkur ósmítaðra.

Breska lækna- teymið sem annaðist Lundúnasjúklinginn greindi frá niðurstöðum sínum í vísindaritinu Nature snemma í þessum mánuði, en þar kom í ljós að veiran greindist ekki lengur í sjúklingi þeirra, 18 mánuðum eftir að hann hætti að taka andretróveirulyf. Læknarnir sjálfir vilja síður kalla þennan árangur „lækningu“ og kjósa þess í stað að tala um „langtíma bælingu HIV“. Þeir binda vonir við að veiran muni ekki greinast í einstaklingum aftur, rétt eins og tilfellið er hjá Berlínarsjúklingnum sem hefur í rúman áratug verið svo gott sem ósmítaður.

Lundúnasjúklingurinn tilheyrir hópi 36 einstaklinga sem fengu sömu, eða svipaða, meðferð. Í þessum hópi eru nokkrir sem ekki hafa greinst með smit í rúmlega sex mánuði.

Lifeðlisfræðilegir eiginleikar HIV-veirunnar, eins og há tíðni stökkbreytinga og nær fordæmalaus hæfni hennar til að sýkja og drepa ónæmisfrumur, hefur gert vísindamönnum erfitt fyrir. Þar sem HIV sneiðir hjá og drepur náttúrulegar varnir líkamans hafa tilraunir til að þróa bóluefni skilað litlum árangri. Enn sem komið er eru andretró-

Blað brotið í baráttunni við eyðniveiruna

Tveir, og að líkindum fleiri, hafa nú verið læknaðir af HIV. Vísindamenn reyndu í 12 ár að endurtaka sögulega meðferð fyrsta einstaklingsins sem læknaður var af veirunni. Þó er lækning við eyðni enn fjarlægur draumur.



Timothy
Ray Brown.

veirulyf besta leiðin til að halda veirunni í skefjum, og þá aðeins eftir smit.


Berlínar- og Lundúnasjúklingurinn eiga margt sameiginlegt. Báðir voru á andretróveirulyfjum þegar þeir þróuðu með sér lífshættulegt eitlakrabbamein. Eftir að hefðbundin úrræði við krabbameini báru ekki árangur ákváðu læknarnir að reyna mergskipti. Blóð manna var eyðilagt með stórum skömmtum af frumudrepandi lyfjum og heilskönnun líkamans. Nýju blóði var sprautað í líkama þeirra – blóði sem virkjaði beinmerg til að framleiða nýjar og heilbrigðar blóðfrumur.

Í tilfelli Lundúnasjúklingsins notuðu læknarnir blóðgjöf úr einstaklingi sem hafði tiltekna stökkbreytingu í geninu CCR5. Undir venjulegum kringumstæðum, í kringum 99 prósentum einstaklinga, stýrir CCR5 myndun próteins sem virkar sem dyr á ytra lagi frumna sem HIV getur gengið nokkuð óhindrað í gegnum. Blóðið sem Lundúnasjúklingurinn fékk kom frá einstaklingi sem er með stökkbreytingu í CCR5 sem hamlar inngöngu HIV.

Þetta er í annað sinn á afar skömmum tíma sem CCR5-geníð kemst í fréttirnar. Þessi tiltekna stökkbreyting í CCR5 er sú stökkbreyting sem kínverski erfðafræðingurinn He Jiankui freistaði þess að framkalla í fösturvísunum með hjálp CRISPR-erfðabreytingatækni- innar. Fyrr á þessu ári fæddust tvíbura- stúlkur sem báru hann- aða erfðabreytingu Jiankui. Tilraunir hans hafa verið fordæmdar á þeim grundvelli að vera með öllu siðlausar og áhættusamar í ljósi þess að erfðabreytingatækni- n er engan veginn örugg til að nota með þessum hætti.

Þó svo að tilraunir breska lækna- teymisins hafi sannarlega borið árangur þá er ólíklegt að þær og tilfelli Berlínarsjúklingsins muni leiða til stórtækra breytinga í því hvernig HIV-smit er meðhöndlað. Báðir einstaklingar voru langt leiddir þegar ákveðið var að reyna mergskipti – þeir voru í raun við dauðans dyr – og slík aðgerð er verið afar áhættusöm og varla réttlætanager í flestum tilfellum þegar kúr andretróveirulyfja getur skilað jafn góðum árangri og raun ber vitni.

Þó eru líkur á að mergskipti með blóðgjöf einstaklings með breytingu í CCR5 muni reynast þeim vel sem eru í sömu sporum og sjúklingarnir tveir voru í. Daginn eftir að breska lækna- teymið kynnti niðurstöður sínar birti annar hópur vísindamanna niðurstöður sem gefa til kynna að tveir aðrir HIV-smítaðir einstaklingar, sem einnig glímu við blóðfrumukrabbamein, hefðu hlotið sambærilega meðferð og bæru ekki lengur merki þess að vera HIV-smítaðir.



Hvað er HIV?

HIV er samheiti tveggja lenti- veira sem tilheyrja flokki svokallaðra retróveira. HIV, líkt og aðrar retróveirur, einkennast af löngum meðgöngutíma áður en einkenni koma fram. HIV ræðst á og hafa ónæmiskerfi hins smítaða.

HIV er veira og líkt og allar aðrar

veirur þarf hún hýsil til að fjölga sér. Líkt og ebóla og influensa þá er HIV ekki í jafnvægi við hýsil sinn. Þeir sjúkdómar sem mynda slíkt jafnvægi, líkt og herpes, mislingar og kvef, eru og hafa verið í langan tíma bundnir við ákveðna tegund eða gerð hýsla.

HIV stökk tiltölulega nýlega frá einni tegund í aðra, frá öpum í menn og hefur því ekki öðlast getu til að lifa í sátt og samlyndi við mannkyn. Enda er það seint í hag veiru að sýkja hýsil sinn svo að hann virki ekki lengur sem slíkur.

HELDU

LAUGARDAGUR 30. MARS 2019

Helgin



Nemendur í Fjölbrautaskóla Garðabæjar hafa hannað og framleitt ilmkerfi sem þau segja að hafi róandi áhrif á hugann. Krakkarnir eru í frumkvöðladeild skólans. ➔6



Fallegt og vel uppúið rúm prýðir hvert herbergi. MYND/ERNIR

Eigulegar gjafir í fermingarpakkann

Verzlunin Betra bak býður eingöngu vandaðar og eigulegar fermingargjafir. Gæðarúm og dýnur, koddar og sængur sem flest fermingarbörn eru þakklát fyrir að eignast. Starfsfólkið aðstoðar viðskiptavinum við val á gjöfum. ➔2

Doktor.is

- Fræðsla
- Ráðgjöf
- Forvarnir





Starfsmenn Betra baks taka glaðir á móti viðskiptavininum og aðstoða við val á fermingarrúmum, sængum, koddum og öðrum vörum. Frá vinstri Krístrún Linda, Ragnar, Herdís Vattnes, Aron Atli og Ljósbjörg. MYND/ERNIR

Framhald af forsiðu →

Að sögn Herdísar Vattnes, verslunarstjóra í Betra baki, er þetta sá árstími sem er ótrúlega skemmtilegur fyrir verslunarfolk. „Það er svo gefandi og skemmtilegt að ráðleggja þessari ungu kynslóð sem er svo fróðleiksfús. Flest vita þau hversu svefninn er mikilvægur þótt þau vaki stundum allt of lengi á kvöldin. Börnin eru að breytast í fullorðin fólk og þarfir þeirra að breytast. Að skipta út húsgögnum í svefnherbergi þeirra er hluti af því að fullorðnast og hugsa þarf til framtíðar,“ segir Herdís. Að velja sér nýtt rúm er ekki daglegt brauð og hjá Betra baki er lögð áhersla á að fólk njóti ánægjulegrar upplifunar við val á rúmi. Frábært fermingarrúm með botni og fótum kostar einungis frá 59.925 krónum.

Góður svefn, betri líðan

„Staðreyndin er sú að tveir þriðju mannkyns í hinum vestræna heimi sofa of litíð. Mælt er með af WHO og NFS að fólk sofi í að minnsta kosti átta klukkustundir á nóttu. Góður svefn er algjörlega nauðsynlegur fyrir hratt stækkanandi unglinga og þeir ættu að fara að þessum fyrirmælum. Svefn auðveldar okkur til dæmis að læra, eiga dagleg samskipti og taka rök- réttar ákvarðanir svo eitthvað sé nefnt. Einnig veikt ónæmiskerfið til muna og getur meðal annars tvöfaldað líkur á krabbameini ef fólk sefur alltaf minna en sex klukkutíma. Það er því virkilega

nauðsynlegt að velja sér rétt rúm. Það ætti að vera rúm sem veitir réttan stuðning og hjálpar við að fá sem besta mögulega svefn,“ segir Herdís enn fremur og bætir við að starfsmenn Betra baks hafi verið í miklum og góðum samskiptum við Kírópraktorstöðina.

Koddinn skiptir máli

„Við höfum fengið mjög góðan fróðleik frá Bergi Konráðssyni sem er einn reyndasti kírópraktor á Íslandi. Allri þeirri þekkingu sem við höfum fengið getum við miðlað til viðskiptavina okkar. Við erum öll ölik og því er mikilvægt að vita hvaða þætti þarf að hugsa út í þegar rétta dýnan er valin. Sömuleiðis er afar mikilvægt að hafa rétta koddann þegar við sofum. Bergur hefur kennt okkur ýmislegt um val á koddum en oft vitum við ekki sjálf hvað hentar okkur best,“ útskýrir hún.

„Sumir velja koddna sem hægt er að vöðla vel saman og virkar kósi, passi jafnvel vel við rúmfötin og uppstillingu í herberginu. Koddinn verður hins vegar að fylgja svefn- og líkamsstöðu fólks. Það er til sér koddar fyrir þá sem velja að sofa á bakinu, annar fyrir þá sem sofa mest á hliðinni og enn annar fyrir þá sem stelast til að sofa á maganum. Vandaðir gæðakoddar eru alltaf mjög vinsæl fermingargjöf. Vinælasti Tempur-koddinn er Cloud sem hentar bæði fyrir þá sem sofa á bakinu og á hliðinni. Einnig hefur Tempur traditional koddinn verið vinsæll þar sem hann kemur í þremur stíflum. Við gefum viðskiptavinum okkar

tvær vikur til að prófa koddana því við teljum gríðarlega mikilvægt að sofa með rétta koddann,“ segir Herdís og bendir á að starfsfólkið í Betra baki veiti ávallt persónulega og góða þjónustu.

Dásamlegar sængur

„Sængur eru alltaf dásamlega falleg og hlý fermingargjöf. Við eigum fjölbreytt úrval af sængum, allt frá blönduðum upp í 100% gæsadúnssængur. Sú sem flestir velja er hitajöfnunarsængin Tempakon og sæng úr 100 prósent gæsadúni. Tempakon nýtur verðskuldaðra vinsælda enda heldur hún alltaf réttu hitastigi og er aldrei of heit né of köld en þó úr 90 prósent dún ef verða skyldi mjög kalt. Gæsadúnssængin er lauflett, umvefjandi og hlý, og maður upplifir einstaka vellíðan og þægindi með nýrri og vandaðri sæng.

Einnig hafa Calvin Klein sængurverin okkar slegið í gegn. Þau eru óyndislega mjúk og töff og fást í nokkrum litum. Ungu fólkið elskar þau,“ segir Herdís en það má vel minna á að rúmið er eitt mest notaða húsgagnið á heimilinu og þess vegna skiptir máli að það sé góð dýna með réttum stuðningi til að fólk nái þeirri hvíld sem það þarf. Árangurinn er betri svefn og líðan.

Nánari upplýsingar hjá Betra baki, Faxafeni 5 í Reykjavík, sími 588 8477. Betra bak er einnig á Akureyri og Ísafirði. Sjá nánar á betrabak.is.



Kósi rúmföt frá Calvin Klein.



Það er fjölbreytt úrval rúma og dýna í Betra baki.

Sængurnar í Betra baki eru til í mörgum verðflokkum og mismunandi að gerð.



Koddar sem laga sig að líkamanum. Einstaklega þægilegir og góðir.

Betri líðan og aukin orka

Active Liver inniheldur náttúrulegt jurtaþykki sem er þekkt fyrir að örva virkni lifrarinnar. Kólin er mikilvægt fyrir fitubrennslu og getur dregið úr fitusöfnun í lifur.

Lifrin er stærsti kirtill líkamans, hún gegnir fjölmörgum hlutverkum og er aðal efnaskiptalífæri líkamans. Í raun er hún efnaverksmiðja sem starfar allan sólarhringinn því án hennar ætti engin brennsla sér stað í líkamanum. Að auki væri blóðrásin ekki eðlileg, hormónabúskapurinn færi úr jafnvægi, óhreinindi myndu safnast í blóði og ótal margt fleira færi úr skorðum.

Hreinsun eitrefna og virkjun D-vítamíns

Í kínverskum lækningum til forna var sagt: „Læknir, sem getur stillt af starfsemi lifrarinnar, veit hvernig á að lækna hundrað sjúkdóma.“ Það er gríðarlega mikið til í þessu því hundruð mismunandi starfa eiga sér stað í lifrinni á hverjum degi og tengist hún beint eða óbeint allri líkamsstarfsemi. Lifrin er því vægast sagt mikilvægt líffæri og enginn getur verið án hennar. Hún stjórnar m.a. efnaskiptum og hreinsar eitrefni og óæskileg efni úr líkamanum.

Lífsstíll hefur áhrif

Það geta verið margar ástæður fyrir því að lifrin er ekki að virka eins og hún ætti að gera og fjölmargt í lífsstíl okkar sem getur haft áhrif þar á og ýtt undir fitusöfnun í lifur sem í daglegu tali kallast fitulífur. Fitulífur er hægt að laga og gott er að hafa á huga að það eru ákveðin matvæli sem ráðlegt er að neyta í hófi eða sleppa til að viðhalda heilbrigðri lifur, það eru:

- Áfengi og koffein.
- Unnin matvara, ódýrar olíur og auka/gerviefni.
- Ávextir og grænmeti sem innihalda mikið af skordýraeitri og illgresiseyði.
- Dýr og afurðir þeirra sem eru „fjöldafraamleidd“ (ekki lífræn).
- Sykraðir drykkir og snakk.
- Unnið korn (hvít hrísgrjón, hveiti o.fl.).

Active Liver

Active Liver frá New Nordic er gríðarlega vinsæl vara og fjölmargir finna fyrir almennt betri líðan og aukinni orku. Eins og nafnið gefur til kynna eflir þetta bætiefni lifrarstarfsemi og er aukin orka einmitt eitt af einkennum heilbrigðrar lifur. Active



Jóna Hjálmarsdóttir sjúkraliði hefur notað Active Liver um nokkurt skeið.

„Ég fann fljótlega mun en orkan jókst og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd. Ég finn líka mun á húðinni en hún ljómar meira og er mýkri.“

Jóna Hjálmarsdóttir, sjúkraliði



Liver inniheldur mjólkurþistil og ætiþistil sem talinn eru stuðla að eðlilegri starfsemi lifrar og galla. Í blöndunni er einnig efnið kólin* sem stuðlar að:

- Eðlilegum fituefnaskiptum.
- Eðlilegri starfsemi lifrar.
- Eðlilegum efnaskiptum er varða

amínósýruna hómósysteín. Að auki inniheldur Active Liver túrmerik og svartan pipar.

Auðveldara að halda mér í réttri þyngd

Jóna Hjálmarsdóttir sjúkraliði hefur notað Active Liver um nokkurt skeið og hefur þetta að segja:



Active Liver frá New Nordic er gríðarlega vinsæl vara og fjölmargir finna fyrir almennt betri líðan og aukinni orku.

„Ég er mjög meðvituð um líkamsstarfsemi og veit að fita getur safnast á lifrinni. Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er gert úr náttúrulegum efnum. Ég fann fljótlega mun en orkan jókst og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd. Ég finn líka mun á húðinni en hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um heilsuna og vill halda meltingunni góðri.“

Vinnsla, geymsla og dreifing

Segja má að lifrin sé allt í senn vinnslustöð, geymsla og miðstöð dreifingar því allt sem við borðum,

drekkum, öndum að okkur eða berum á húðina fer þar í gegn. Það skiptir því máli, eins og ávallt, að við hugum vel að því hvað við setjum í okkur og á því öll viljum við lifa lengi heilbrigð á líkama og sál. Active Liver getur hjálpað til þarna og kannski sérstaklega núna yfir hátíðarnar þegar álag á meltinguna er mikið.

- Kólin er vatnsleysanlegt næringarefni, skylt öðrum vítamínum eins og fólínsýru og þeim sem tilheyrja B-vítamín-fjölskyldunni. Kólin sinnir álíka hlutverkum og styður við bæði orku og heilastarfsemi ásamt því að halda efnaskiptunum virkum.

Bio-Kult góðgerlar styrkja meltinguna!

Hágæða góðgerlar, heilbrigð bakteríuflóra.



Bio-Kult Candéa

Góðgerlar sem styrkja meltinguna og vinna gegn fjölgun Candida sveppisins í meltingarvegi.



Bio-Kult Original

Öflug blanda góðgerla sem byggir upp þarmaflórana og styrkir varnir líkamans.



Bio-Kult Pro-Cyan

Styrkir þvagrásina og virkar sem öflug vörn gegn þvagrásarvandræðum.



Bio-Kult Infantis

Góðgerlar fyrir börn á öllum aldri. Eflir þarmaflórana, án allra aukaefna og er bragðlaust.

Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.



Save 50-70% on Dental Treatment in Hungary

Dentistry - Dental Laboratory - Hotel on-site!

Contact us now!

☎ 0036 70 942 9573

info@fedaszdental.hu



Ísland

Kollhrif, eftir Sölva Kristjánsdóttir hjá Studio Portland, framleiddur af Málmosteypunni Hellu.

Markmiðið með hönnuninni var að búa til stól sem fengi fólk til að sitja í betri líkamsstöðu. Finngig að sýna möguleikana í að nota endurnýtt ál og kork, en bæði efnin eru afar endingargóð.

Sjálfbærir stólar

Fimm sigurstólar úr hönnunarsamkeppni um sjálfbæra stóla verða til sýnis í Norræna húsinu á HönnunarMars.

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Norræna ráðherranefndin tók síðastliðið haust höndum saman við hönnunarmið-

stöðvar á Norðurlöndum og hélt hönnunarsamkeppni um sjálfbæra stóla. Markmiðið var að auka meðvitund um sjálfbæra hönnun og að hvetja til hönnunarmiðaðrar hugsunar í loftslagsumræðunni.

Norræn dómnefnd valdi fimm sigurstóla og gestir norræna

skálans á Loftslagsráðstefnu Sam-einuðu þjóðanna í desember fengu síðan að greiða atkvæði um hvaða stóll skyldi vinna. Sigurvefni hvers lands, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, verða til sýnis í Norræna húsinu á HönnunarMars um helgina.



Danmörk

Tangform, hannaður og framleiddur af Nikolaj Thrane Carlsen.

Megináhersla í hönnuninni var að sýna fram á sjálfbærni með fokus á efnivið úr nærumhverfinu. Stóllinn er búinn til úr marhálmi og efni úr rauðum þörungum en ramminn er búinn til úr endurunnum bambusgólffjöllum.



Finnland

Clash 331, eftir Samuli Naamanka, framleiddur af Naamanka.

Í stóllinn notaði hönnuðurinn ösp og birki en hann lagði upp úr því að nýta hráefni frá heimalandinu. Lögð var áhersla á fallega og endingargóða hönnun sem myndi standast tímans tönn.

Svíþjóð

Petite, eftir David Ericsson, framleiddur af Gärsnäs.

Hugmyndin að baki hönnuninni var að nota eins lítinn efnivið og mögulegt væri. Stóllinn er úr beykiviði og vegur aðeins 2,5 kíló.



Noregur

Håg Caoisco, eftir Peter Opsvik, framleiddur af HÅG/Flokk.

Hönnuninni er ætlað að sýna möguleika enduruninna neytendaumbúða úr plasti. Stóllinn er endingargóður, hægt að gera við hann og auðvelt að taka hann í sundur.



Ég hef notað Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerla um nokkurt skeið með mjög ápreifanlegum árangri. Meltingin er mun betri og mér líður allri betur, þess vegna hika ég ekki við að mæla með þessari góðu vöru. Sjálf tek ég hana daglega og sleppi ekki degi úr. - Þórunn Kristjónsdóttir

abel heilsuvörur www.abelheilsuvorur.is

Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar

Auglýst eftir bæjarlistamanni 2019

Lista- og menningarráð Kópavogs auglýsir eftir umsóknum eða ábendingum um bæjarlistamann Kópavogs. Þeir listamenn koma einir til greina sem eiga lögheimili í Kópavogi. Bæjarlistamaður Kópavogs skal vera tilbúinn til að vinna með Kópavogsbæ að því að efla áhuga á list og listsköpun í bænum og taka þátt í viðburðum bæjarins með það að leiðarljósi. Styrkuppþæð bæjarlistamanns er 1,5 milljónir króna.

Lista- og menningarráð fer yfir umsóknir og ábendingar. Í þeim skulu koma fram upplýsingar um náms- og starfsferil viðkomandi og hugmyndir um með hvaða móti bæjarlistamaður hyggst auðga lista- og menningarlíf bæjarbúa.

Umsókn eða ábendingar skal senda fyrir 15. apríl / Umsókn eða ábendingar skal senda fyrir 15. apríl á netfangið menning@kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is



SVIÐSSTJÓRI ÞJÓNUSTUSVIÐS

Valka leitir að árangursmiðuðum, öflugum og nútímalegum lykilstjórnanda til að byggja upp þjónustunet á heimsmælikvarða fyrir viðskiptavinum Völku út um allan heim.

Sviðsstjóri þjónustusviðs heyrir undir framkvæmdastjóra Völku og situr í framkvæmdastjórn félagsins.

SVIÐSSTJÓRI ÞJÓNUSTUSVIÐS BER MEÐAL ANNARS ÁBYRGÐ Á:

- Að stýra hópi starfsmanna sviðsins á Íslandi og erlendis í samræmi við mannauðs- og stjórnunarstefnu Völku
- Stefnumótandi uppbygging á öflugu tekjusviði í samræmi við stefnu Völku
- Að skilgreina og innleiða þjónustuferla
- Að umhverfis-, heilbrigðis-, öryggis- og gæðamál séu tryggð í ferlum þjónustu
- Að gera og framfylgja fjárhagsáætlunum fyrir sviðið

HÆFNIS- OG MENNTUNARKRÖFUR:

- Leiðtogafærni, drifkraftur og frumkvæði
- Farsæl stjórnunarreynsla
- Farsæl reynsla af breytingastjórnun
- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu
- Reynsla af þjónustutengdri stjórnun er kostur
- Lausnamiðuð hugsun
- Góð rekstrar- og kostnaðarvitund
- Tæknileg þekking/reynsla er kostur
- Liðsmaður fram í fingurgóma
- Jákvætt viðmót og góð samskiptafærni

Sótt er um starfið á vef Völku: valka.is/jobs

Nánari upplýsingar: Leifur Geir Hafsteinsson, mannauðsstjóri Völku

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl nk.

UM VÖLKU

Valka er alþjóðlegt og ört vaxandi hátæknifyrirtæki sem hefur þróað, hannað og framleitt vél- og hugbúnað á heimsmælikvarða fyrir sjálfvirka fiskvinnslu út um allan heim frá stofnun árið 2003.

Hjá Völku gegnir hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna lykilhlutverki og við leggjum ríka áherslu á að byggja upp framsækinn, kraftmikinn og samheldinn vinnustað þar sem fólki líður vel.

ÖNNUR STÖRF Í BODI

Um þessar mundir leitum við einnig að öflugu fólki í eftirfarandi störf. Nánari upplýsingar má finna á atvinnuvef Völku: valka.is/jobs

- Framleiðsluhönnuður
- Kerfishönnuður
- Rafvirki eða nemi á samning
- Vefforritari – framenda
- Svæðissölustjóri
- Vélstjóri / Málmsmiður í samsetningu og smíði
- Tæknimaður í þjónustu





Financial Controller

Fjármálasvið Össurar leitar að framúrskarandi einstaklingi í uppgjörsteymi félagsins sem starfar í alþjóðlegu rekstrarumhverfi. Uppgjörsteymið útbýr samstæðuuppgjör Össurar og ber ábyrgð á að útvega stjórnendum og öðrum áreiðanleg fjárhagsleg gögn. Teymið vinnur einnig að því að samræma og bæta fjárhagsferla og innra eftirlit félagsins.

STARFSSVIÐ

- Taka þátt í gerð samstæðuuppgjör Össurar
- Vinna að lausn ýmissa fyrirspurna tengdum bókhaldi og uppgjörum
- Tryggja áreiðanleika gagna innanhúss sem utan
- Aðstoða önnur svið með fjárhagsupplýsingar
- Aðstoða við innra eftirlit

HÆFNISKRÖFUR

- Viðskiptafræðingur af reikningshaldssviði
- A.m.k. 5 ára starfsreynsla
- Reynsla af endurskoðunarstofu kostur
- Reynsla af ársreikningagerð og greiningum
- Mjög góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl 2019.

Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur. Athugið að velja viðeigandi starf.

For English version please see the above webpage.

Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.



Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá félaginu starfa um 3.500 manns í 25 löndum. Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.



WWW.OSSUR.COM



Forstjóri Samgöngustofu

Við leitum að framsýnum leiðtoga með brennandi áhuga á þróun og framtíð samgöngumála á Íslandi, metnað til að veita framúrskarandi þjónustu og ná árangri í þágu almennings og atvinnulífs. Ráðherra skipar forstjóra Samgöngustofu til fimm ára frá 6. ágúst nk.

Forstjóri Samgöngustofu stýrir stofnuninni og ber ábyrgð á rekstri hennar, þjónustu og árangri. Hjá Samgöngustofu starfa 150 starfsmenn í fjölbreyttum störfum. Stofnunin fer með stjórnsýslu, öryggismál og eftirlit á sviði flugmála, umferðar- og vegamála, siglinga- og hafnamála. Meðal annarra verkefna Samgöngustofu eru rannsóknir, greining og þróun á starfssviðinu ásamt fræðslu og upplýsingamiðlun um samgöngumál.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á meistarastigi sem nýtist í starfi.
- Árangursrík reynsla af stjórnun, rekstri, stefnumótun og áætlanagerð.
- Færni til að vinna að umbótum.
- Reynsla af alþjóðasamstarfi kostur.
- Færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku nauðsynleg.
- Góð hæfni til samvinnu og í samskiptum.

Umsókn skal fylgja stutt kynningarbréf um hvers vegna sótt er um starfið og upplýsingar um árangur sem viðkomandi hefur náð í starfi og telur að nýtist í starfi forstjóra Samgöngustofu.

Upplýsingar um embættið veitir Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, í síma 545 8200.

Umsóknarfrestur er til mánudagsins 1. apríl nk.

Umsóknum skal skila rafrænt á starf@srn.is.

Nánari upplýsingar um starfið eru á Starfatorgi – starfatorgi.is.

Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og
sveitarstjórnarráðuneytið

Framkvæmdastjóri



Stjórn LSR óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra fyrir sjóðinn.

Áhersla er lögð á að framkvæmdastjóri hafi leiðtogahæfni, reynslu af rekstri og þekkingu á íslenska lífeyrissjóðakerfinu.

Umsóknarfrestur

3. apríl

Ábyrgð og starfssvið:

- Yfirumsjón með rekstri sjóðsins
- Stefnumótun í samráði við stjórn
- Tryggir að unnið sé eftir stefnu og ákvörðunum stjórnar og samþykktum sjóðsins
- Samskipti við hagaðila
- Erlend samskipti

Upplýsingar og umsókn

capacent.com/s/13204

Menntun og hæfni:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Leiðtogahæfileikar og lipurð í samskiptum
- Haldbær þekking á eignastýringu og lífeyrissjóðakerfinu
- Víðtæk reynsla af stjórnun, rekstri og stefnumótun
- Lausnamiðuð og gagnrýnin hugsun
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) er elsti lífeyrissjóður landsins, en upphaf sjóðsins má rekja aftur til ársins 1919 þegar fyrsti eiginlegi lífeyrissjóðurinn varð til hér á landi. LSR fagnar því 100 ára afmæli á árinu 2019.

LSR er stærsti lífeyrissjóður á Íslandi. Hann starfar í þremur deildum, A-deild, B-deild og séreign. Eignir til ávöxtunar eru 900 milljarðar kr. Að jafnaði greiða 32.000 sjóðfélagar iðgjald til sjóðsins. Á árinu 2018 fengu 24.000 sjóðfélagar greiðslur frá sjóðnum, samtals 58 milljarða kr.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

Hótelstjóri



Hótel Kría óskar eftir að ráða hótelstjóra til starfa. Leitað er að árangursdrifnum og metnaðarfullum einstaklingi til að móta og leiða rekstur hótelsins.

Góð laun eru í boði fyrir réttan aðila, húsnæði er hluti af kjörum starfsmanns.

Umsóknarfrestur

8. apríl

Helstu verkefni:

- Umsjón með daglegri stjórnun og rekstri hótelsins og veitingastaðarins.
- Stjórnun starfsmanna, ráðningar og þjálfun.
- Tilboðs- og samningagerð.
- Umsjón með fjárreiðum og reikningshaldi.
- Viðskiptatengsl og öflun nýrra viðskiptavina.
- Vöru- og þjónustuþróun.
- Önnur tilfallandi verkefni á hótelinu t.d. varðandi gestamóttöku, bókanir og aðra þjónustu við gesti.

Upplýsingar og umsókn

capacent.com/s/13239

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Haldgóð menntun sem nýtist í starfinu, menntun á sviði hótelstjórnunar mikill kostur.
- Reynsla á sviði reksturs og stjórnunar skilyrði, starfsreynsla af hótelstjórnun mikill kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði.
- Haldgóð tölvukunnátta skilyrði
- Leiðtogahæfileikar, skipulagni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Framúrskarandi samskiptahæfileika sem og nákvæmni og tölugleggni.

Hótel Kría var opnað vorið 2018. Hótelid býður upp á glæsileg 72 herbergi og 1 svítu á fallegum stað á Suðurlandi. Öll herbergi hafa verið innréttuð á nútímalegan máta sem og eru vel búin tæknilega séð. Á hótelinu er veitingastaðurinn Drangar sem hefur fengið mikið lof og var valinn einn af betri veitingastöðum landsins.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Ljós móðir	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201903/713
Sálfræðingur	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Austurland	201903/712
Skurðhjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201903/711
Sjúkraliði, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Stykkishólmur	201903/710
Sálfræðingur barna	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201903/709
Sjúkraliðar og -nemar, sumarafll.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201903/708
Hjúkrunarfr. og -nemar, sumarafll.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201903/707
Ljós mæður, sumarafleysing	Landspítali, meðg.- og sængurlegud.	Reykjavík	201903/706
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, ígræðslugöngudeild	Reykjavík	201903/705
Flutningastarfsmaður í vaktavinnu	Landspítali, þjónustudeild	Reykjavík	201903/704
Flutningastarfsmaður	Landspítali, þjónustudeild	Reykjavík	201903/703
Verkefnastjóri	Landspítali, rafmagnsverkstæði	Reykjavík	201903/702
Hjúkrunarfræðingar, sumarafll.	Landspítali, lungnadeild	Reykjavík	201903/701
Deildarlæknir	Landspítali, kvennadeildir	Reykjavík	201903/700
Hjúkrunarfræðingar, sumarafll.	Landspítali, meðg.- og sængurlegud.	Reykjavík	201903/699
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, göngud. lungnasjúklinga	Reykjavík	201903/698
Geislafræðingar	Landspítali, geislameðf. krabbam.	Reykjavík	201903/697
Kennsla í vélstjórn og rafvirkjun	Verkmenntaskóli Austurlands	Fjarðabyggð	201903/696
Lögfræðingur	Atvinnuv.- og nýsköpunarráðuneytið	Án staðsetn.	201903/695
Framhaldsskólakennarar	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	Höfn	201903/694
Skrifstofustjóri	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	Höfn	201903/693
Framhaldsskólakennarar	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	Höfn	201903/692
Kennari, stærðfræði og efnafræði	Menntaskólinn á Laugarvatni	Laugarvatn	201903/691
Sjúkraliði	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201903/690
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201903/689
Hjúkrunarfr. og -nemar, sumarafll.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201903/688
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201903/687
Sérfræðingur í barnalækningum	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201903/686
Doktorsnemi í mannfæðingum	Háskóli Íslands, Lífvísindasetur	Reykjavík	201903/685
Saksóknarfulltrúi	Héraðssaksóknari	Reykjavík	201903/684
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201903/683
Framhaldsskólakennarar	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Reykjavík	201903/682
Læknaritari, afleysing	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Borgarnes	201903/681
Læknaritari, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Vestm.eyjar	201903/679
Framhaldsskólakennarar	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Reykjanesbær	201903/678



MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI

Vörumiðlun ehf óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra til starfa við langkeyrslu. Keyrt er út frá starfstöðvum okkar í Reykjavík annars vegar og hins vegar starfstöðinni á Sauðárkróki.

Óskum einnig eftir starfskrafti við lestun á starfstöðvum okkar í Reykjavík

Störfin henta bæði körlum sem konum.

Nánari upplýsingar gefur Magnús í síma 896 8422 eða í tölvupósti magnus.svavarsson@vorumidlun.is

Pú finnur draumastarfið á Job.is



Heilbrigðisþjónusta




Iðnaðarmenn

GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU



Job.is



BYGGINGARFULLTRÚI

Strandabyggð óskar eftir að ráða byggingarfulltrúa til starfa með aðsetur á Hólmavík. Auk Strandabyggðar sinnir starfsmaðurinn verkefnum byggingarfulltrúa fyrir Árneshrepp, Dalabyggð, Kaldrananeshrepp og Reykhólahrepp.

Um er að ræða 100% starf. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi sem er reiðubúinn að þróa nýtt starf á traustum grunni. Helstu verkefni eru samkvæmt lögum og samþykktum sveitarfélaganna hverju sinni á sviðum byggingareftirlits, samkvæmt skipulags- og mannvirkjalögum.

Starfssvið

- Ábyrgð á stefnu sveitarstjórnanna í málaflókum sem undir hann heyrir
- Framkvæmd byggingarmála, byggingareftirlits
- Áætlanagerð og eftirfylgni, mælingar, úttektir og útreikningar
- Undirbúningur og eftirfylgni funda nefnda sveitarfélaganna er sjá um byggingarmál
- Samstarf við aðila utan og innan stjórnarsýslunnar sem sinna verkefnum á sviði byggingarmála
- Önnur tilfallandi verkefni svo sem varðandi viðhald, minniháttar hönnunarverkefni o.s.frv.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði byggingarmála skv. 8. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010
- Þekking og reynsla af þeim málaflókum sem falla undir sviðið
- Þekking og reynsla af stjórnun, áætlanagerð og rekstri
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Metnaður, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtogaþæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum, góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti



Nánari upplýsingar veitir:

Geirlaug Jóhannsdóttir,
geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur til og með 14. apríl nk.


Laun og starfskjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjörður er þriðji stærsti bær landsins með tæplega 30.000 íbúa og 1800 starfsmenn. Framsækið sveitarfélag sem byggir á fjölskylduvænu umhverfi, fyrirmyndarþjónustu og öflugum atvinnulífi.



SVIÐSSTJÓRI ÞJÓNUSTU- OG ÞRÓUNARSVIÐS

Við leitum að metnaðarfullum og framsæknum stjórnanda til að leiða þjónustu- og þróunarsvið Hafnarfjarðarbæjar. Um er að ræða nýtt stoðsvið innan sveitarfélagsins sem ber ábyrgð á þjónustuferlum og þróun þeirra, stafrænum umbreytingum og rafrænni stjórnsýslu. Sviðsstjóri heyrir beint undir bæjarstjóra. Undir sviðið heyra þróunar- og tölvudeild, þjónustuver, rafræn stjórnsýsla, samskiptamál, menningar- og markaðsmál og söfn bæjarins. Á sviðinu munu starfa um 30 starfsmenn. Sviðsstjóri ber ábyrgð á rekstri og stýringu sviðsins ásamt þróun rafrænnar þjónustu.

Um er að ræða spennandi starf þar sem viðkomandi gefst tækifæri til að þróa nýtt svið þjónustu- og þróunar, innleiða nýja ferla og hagnýta upplýsingatækni við innri og ytri þjónustu Hafnarfjarðarbæjar.

Helstu verkefni

- Stefnumótun í þjónustuveitingu Hafnarfjarðarbæjar
- Innleiðing þjónustupróunar og notendamiðaðrar hönnunar
- Þróun og efling stafrænna þjónustuleiða
- Daglegur rekstur, skipulag og umsjón með starfsemi sviðsins
- Samstarf við önnur svið sveitarfélagsins

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun kostur
- Reyndsla af stjórnun með mannaforráð er skilyrði

- Haldgóð reynsla af þjónustustýringu og mótun þjónustumarkmiða
- Reyndsla og þekking á stafrænum lausnum
- Reyndsla af samstarfi þvert á ólíkar skipulagseiningar
- Reyndsla af þjónustupróun og notendamiðaðri hönnun
- Reyndsla af þróun og innleiðingu nýrra ferla
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og góð félagsleg færni
- Leiðtogafærni, skipulagshæfileikar og drifkraftur í starfi
- Rík þjónustulund, áhugi og metnaður til að veita framúrskarandi þjónustu



Nánari upplýsingar veitir:

Áslaug Kristinsdóttir,
aslaug@hagvangur.is

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið. Við kunnum vel að meta frumkvæði, nákvæmni, sköpunargleði og hraða í vinnubrögðum.

Um er að ræða fullt starf og laun samkvæmt gildandi kjarasamningi. Umsóknarfrestur er til og með 14. apríl 2019.

Umsóknum skulu fylgja starfsferilskrár og kynningarbréf.

Umsóknarfrestur er til og með 14. apríl 2019.

Sækja skal um starfið á vef Hafnarfjarðar
<https://radningar.hafnarfjordur.is>

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!



HAGVANGUR

www.hagvangur.is



SÉRNÁMSSTÖÐUR Í HEIMILISLÆKNINGUM

Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) auglýsir tvær sérnámsstöður í heimilislækningum lausar til umsóknar.

HSA hefur langa reynslu af kennslu læknanema, kandiðata og sérfræðinema í heimilislækningum. Námið verður byggt á marklýsingu fyrir sérnámslækna í heimilislækningum. Við útfærslu hennar verður auk hefðbundinnar meinafræðilegrar nálgunar kynnt hagnýtt gildi heilsufræðilegrar (Salutogenesis) nálgunar. Áhersla verður lögð á þann fjölbreytileika sem héraðslækningar (Rural Medicine) kalla eftir og samtímis að tryggja aðgengi nemans að skipulagðri hópkenndu/námi fyrir sérfræðinema.

Stöðurnar eru auglýstar til þriggja ára og á öðru ári, þ.e. fyrri hluta árs 2021, er gert ráð fyrir námsdvöl á heilsugæslu í Skotlandi eða Norður-Noregi í eina til tvær vikur.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Almennar lækningar
- Heilsuvernd
- Vaktþjónusta
- Þátttaka í kennslu læknanema og kandiðata

Hæfnikröfur

- Almenn lækningaleyfi er skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleiki, jákvæðni og sveigjanleiki
- Vilji til þverfaglegar samvinnu (teymisvinnu)
- Sjálfstæði í starfi, frumkvæði og faglegur metnaður
- Íslenskukunnátta áskilin

Frekari upplýsingar um stöður og umsókn

Starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi.

Kjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands. Umsóknnum skal skila á eyðublöðum sem fást á vef Embættis landlæknis; www.landlaeknir.is, til HSA, mannauðsstjóra, Lagarási 22, 700 Egilsstöðum.

Umsókn fylgi staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og starfsleyfi og ef við á um rannsóknir og greinaskrif.

Öllum umsóknnum verður svarað.

Tóbaksnotkun/notkun rafretta er ekki heimil á vinnutíma innan HSA.

Umsóknarfrestur er til 01.05. 2019 og stöðurnar lausar frá 15.08.2019 eða eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar veita:

Pétur Heimisson, framkvæmdastjóri lækninga, s. 470-3050 og 860-6830, netf. petur@hsa.is

Emil Sigurjónsson, mannauðsstjóri, s. 470-3050 og 895-2488, netf. emil@hsa.is

Már Egilsson, yfirlæknir, s. 470-1420 og 692-8376, netf. mar.egilsson@hsa.is

Þorsteinn Bergmann, yfirlæknir, s. 470-3060 og 846-0029, netf. thorsteinn.bergmann@hsa.is

www.hsa.is

HSA starfar á þremur fagsviðum; heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. Áhersla er lögð á samvinnu þvert á byggðalög.

Stofnunin þjónar rúmlega 11.000 íbúum frá Djúpavogi til Bakkafjarðar, auk ferðamanna sem sækja Austurland heim.

Umdæmissjúkrahús Austurlands er í Neskaupstað. Á þjónustusvæði HSA eru auk þess fimm heilsugæslustöðvar, en alls eru starfsstöðvarnar ellefu talsins.



Hjúkrunarfræðingar athugið

Okkur vantar hjúkrunarfræðinga á bæði almennar og sérhæfðar deildir á norsk sjúkrahús í sumar. Góð laun og gott utnumhald í boði.

Hafðu samband við Rósu framkvæmdastjóra Sólstaða/Sun Medical á rosa@solstodur.is eða í síma 8616357



Bókari

Bókari óskast til starfa í Söltúni. Mikilvægt er að viðkomandi þekki til NAV fjárhagskerfisins og hafi reynslu af bókhaldsstörfum. Unnið er í opnu umhverfi þar sem þörf er á góðum samskiptahæfileikum og ríkri þjónustulund. Fjölbreytt verkefni sem teljast til almennra skrifstofu- og móttökustarfa fylgja starfinu.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafi störf sem fyrst. Starfshlutfall er samkomulag.

Nánari upplýsingar veitir Anna Birna Jensdóttir framkvæmdastjóri í síma 590 6000 og Anna Guðbjörg Gunnarsdóttir í síma 590 6211, netfang annagg@solstun.is

Umsóknnum er skilað gegnum heimasíðu www.solstun.is



Þingeyjarsveit

590602-2640
Kjarna - 650 Laugar
Sími: 464 3322 – Bréfsími: 464 3422
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
www.thingeyjarsveit.is

Þingeyjarskóli í Þingeyjarsveit auglýsir eftirfarandi stöður lausar til umsóknar:

Stöðu leikskólakennara

Stöðu íþróttakennara

Stöðu sérkennara

Við leitum að kennurum sem:

- Hafa kennaramenntun og leyfisbréf á viðkomandi skólastigi
- Treysta sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Eru lausnamiðaðir
- Eru sveigjanlegir og með góða samskiptahæfni
- Eru sjálfstæðir í vinnubrögðum og sýna/búa yfir frumkvæði
- Hafa metnað til að takast á við ný og spennandi verkefni
- Vilja taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- Bera virðingu fyrir börnum og hafa áhuga á að starfa með þeim

Þingeyjarskóli er samrekin leik-, grunn- og tónlistarskóli með rétt um 100 nemendur. Þar af tæplega 30 leikskólanemendur á tveimur starfsstöðvum. Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennsluhætti innan skólans sem og að skapa leik- og námsumhverfi sem auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra. Þingeyjarskóli hefur hafið innleiðingu á agastefnunni Jákvæður agi. Rík tónlistarhefð er við skólann.

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og hreint sakavottorð.

Möguleiki er á húsnæði á staðnum.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Stöðurnar eru lausar frá og með 1. ágúst 2019

Umsóknarfrestur er til 22. apríl 2019

Umsóknir skulu sendast á netfangið

johannrunar@thingeyjarskoli.is

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri í vs 4643580 /8990702 eða í gegnum netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sérfræðingur á þjóðskrársviði	Þjóðskrá Íslands	Reykjavík	201903/742
Hjúkrunarfr. í geðheilsuteymi	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201903/741
Starfsmaður í upplýsingadeild	Lyfjastofnun	Reykjavík	201903/740
Dýralæknar	Matvælastofnun	Selfoss	201903/739
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, kviðarholts-/þvagf.skurð.	Reykjavík	201903/738
Sérfræðingur í gerð vaktaáætlana	Landspítali	Reykjavík	201903/737
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, skurðlækningasvið	Reykjavík	201903/736
Lögfræðingur	Samgöngu- og sveitastj.ráðuneytið	Reykjavík	201903/735
Verkefnastjóri leyfafulltrúa	Útlendingastofnun	Kópavogur	201903/734
Forst.maður matar-/veitingaþjón.	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201903/733
Lektor í blaða- og fréttamennsku	Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið	Reykjavík	201903/732
Verkefnastjóri á þjónustutorgi	Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið	Reykjavík	201903/731
Verkefnisstjóri	Háskóli Íslands, Menntavísindastofnun	Reykjavík	201903/730
Verkefnisstjóri rannsóknna	Háskóli Íslands, Menntavísindastofnun	Reykjavík	201903/729
Doktorsnemi hug-/félagsvísindasv.	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201903/728
Lektor í lögfræði	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201903/727
Ráðgjafi, afleysing	Vinnuálagstofnun	Reykjanesbær	201903/726
Sérfræðingar við friðlýsingar	Umhverfisstofnun	Landið	201903/725
Kennarar, málmíðn og vélstjórn	Menntaskólinn á Ísafirði	Ísafjörður	201903/724
Kennarar, rafiðngreinar	Fjölbrautaskóli Vesturlands	Akranes	201903/723
Framhaldsskólakennari	Menntaskólinn á Egilsstöðum	Egilsstaðir	201903/722
Læknaritari, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201903/721
Sálfræðingur geðheilsuteymi	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201903/720
Notendafulltrúi geðheilsuteymi	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201903/719
Notendafulltrúi geðheilsuteymi	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201903/718
Heilsugæsluritari	Heilsugæslan Árbæ	Reykjavík	201903/717
Ljósmóðir	Heilsugæslan Árbæ	Reykjavík	201903/716
Sálfræðingur barna	Heilsugæslan Hamraborg	Kópavogur	201903/715
Sálfræðingur	Heilsugæslan Garðabæ	Garðabær	201903/714



SKÓLASTJÓRI LÆKJARSKÓLA

Staða skólastjóra Lækjarskóla í Hafnarfirði er laus til umsóknar

Lækjarskóli er fyrsti og þar með elsti grunnskóli Hafnarfjarðar með aðstöðu í nýlegu skólahúsnæði við Lækinn í Hafnarfirði. Skólinn er heildstæður grunnskóli með um 500 nemendur í 1. – 10. bekk, sérdeild fyrir nemendur með þroskaraskanir og tómstundamiðstöð með frístundaheimili fyrir nemendur í 1. – 4. bekk ásamt félagsmiðstöð fyrir eldri nemendur skólans. Nánari upplýsingar á hafnarfjordur.is

Starfssvið:

- Að veita skólanum faglega forystu og leiða öflugt og skapandi skólastarf í samræmi við aðalnámsskrá grunnskóla og stefnu Hafnarfjarðarbæjar í menntamálum
- Að bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfssemi skólans
- Að vera í samvinnu við fræðslufyrirvöld í sveitarfélaginu um stefnumótun og ákvarðanatök
- Að móta framsækna sýn, stefnu og menningu í samstarfi við starfsfólk, nemendur og foreldra
- Að þekkja vel til og bera ábyrgð á starfsmannamálum þ.e. ráðningum, starfsþróun og vinnutilhögun
- Að vinna að þróun og framgangi í skólasamfélaginu
- Að stuðla að árangri, velferð og vellíðan nemenda í hvívetna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf í grunnskólakennarafræðum
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi t.d. á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- eða menntunarfræða
- Kennslu- og stjórnunarreynsla
- Reynsla af faglegri forystu á sviði skólamála
- Leiðtogaþæfni
- Hæfni í mannlegum samskiptum og samstarfshæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Haldgóð reynsla og þekking af starfsmannamálum
- Reynsla og þekking af áætlanagerð og góðri fjármálastjórnun
- Skipulagshæfileikar
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta og geta til að tjá sig í ræðu og riti

Umsókn um starfið þarf að fylgja greinargóð starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir fyrri störfum umsækjanda, menntun, stjórnunarreynslu og þeim verkefnum sem hann hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna skólastjórastarfi. Auk skýrrar sýnar á ástæðu umsóknar og hvernig viðkomandi sér fyrir sér starf sitt sem skólastjóri Lækjarskóla. **Umsóknarfrestur er til og með 14. apríl 2019**



AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI

Hraunvallaskóli í Hafnarfirði auglýsir eftir aðstoðarskólastjóra

